

Áfangastaðaáætlun Norðurlands

Okkar áfangastaður



Markaðsstofa Norðurlands
ÁFANGASTAÐASTOFA

2024



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Áfangastaðurinn Norðurland	5
Stöðugreining.....	6
Skráðar gistinætur á Norðurlandi: Fjöldi og þróun	6
Skipting gistinátta eftir uppruna gesta.....	8
Þjóðerni erlendra gesta.....	11
Skipting gistinátta eftir árstíma.....	13
Stefna um þróun ferðaþjónustu á Norðurlandi	18
Framtíðarsýn	20
Stefnuáherslur.....	20
Markaðsáherslur	20
<i>Náttúru og ævintýraferðaþjónusta á Norðurlandi.....</i>	20
<i>Vetrarferðaþjónusta</i>	21
<i>Sögu- og menningartengd ferðaþjónusta</i>	21
Þróunarverkefni	23
<i>Norðurstrandarleið</i>	23
<i>Demantshringur</i>	26
<i>Flugklasinn</i>	27
<i>Gagnagrunnur gönguleiða</i>	29
<i>Taste North Iceland</i>	30
<i>Birding North Iceland</i>	30
<i>Skíði á Norðurlandi.....</i>	31

Forgangsverkefni sveitarfélaga í uppbyggingu áfangastaða á Norðurlandi.....	33
<i>Húnaþing vestra</i>	33
<i>Húnabyggð</i>	35
<i>Skagatrönd</i>	36
<i>Skagafjörður</i>	37
<i>Fjallabyggð</i>	38
<i>Dalvíkurbyggð</i>	39
<i>Hörgársveit</i>	40
<i>Akureyrarbær</i>	41
<i>Eyjafljórsveit</i>	43
<i>Svalbarðsstrandarhreppur</i>	45
<i>Grýtubakkahreppur</i>	46
<i>Þingeyjarsveit</i>	46
<i>Norðurþing</i>	48
<i>Langanesbyggð</i>	49

Inngangur

Hvað er áfangastaðaáætlun?

Áfangastaðaáætlun Norðurlands er unnin af Markaðsstofu Norðurlands (MN) í samstarfi við Ferðamálastofu og nær yfir allt starfssvæði MN eða frá Hrutafirði yfir á Bakkafjörð. Í áfangastaðaáætlun (e. Destination Management Plan – DMP) felst heildstætt ferli þar sem litið er til skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu allra þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði/áfangastað, þ.m.t. þarfir gesta, heimamanna, fyrirtækja og umhverfis. Áfangastaðaáætlun er sameiginleg stefnuýfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina hlutverk hagsmunaaðila og tiltaka beinar aðgerðir.

Fyrsta áfangastaðaáætlunin fyrir Norðurland, sem gefin var út árið 2018, var samkvæmt forskrift Ferðamálastofu, en Ferðamálastofa leiddi verkefnið og samdi við Markaðsstofur landshlutanna um að halda utan um vinnslu áætlana. Í tengslum við vinnslu fyrstu áætlunarinnar var unnin greiningarvinna, sem lagði grunn að stefnu um þróun ferðapjónustu á Norðurlandi, skilgreiningu lykilverkefna og aðgerðaáætlun. Enn er byggt á áætluninni frá 2018, en við síðari uppfærslur hefur uppsetningin verið aðlöguð að þörfum Norðurlands, verkefnastaða verið uppfærð sem og greiningar. Í nýjustu útgáfu áætlunarinnar hverju sinni er einnig settur fram listi verkefna sem forsvarsfólk sveitarfélaga setur í forgang á sínu svæði. Verkefnin eru misstór og byggja á þörfum hvers sveitarfélags en eiga það sammerkt að bæta aðgengi að áfangastöðum eða búa til nýja, þar sem bæði er gætt að því að byggja upp grunnþjónustu og að því að bæta upplifun ferðamanna.

Áfangastaðaáætlun Norðurlands er ætlað að vera lifandi plagg, sem uppfært er reglulega og á því að gefa skýra mynd af stöðu ferðapjónustunnar, þróunarstarfi og uppbyggingarþörf á hverjum tíma.

Fyrir hverja er áfangastaðaáætlun?

Lykilhagaðilar eru ferðapjónustufyrirtæki og sveitarfélög á Norðurlandi. Aðrir hagaðilar eru þeir sem hafa beinan eða óbeinan hag af ferðapjónustu á viðkomandi svæði. Áfangastaðaáætlun getur nýst hagaðilum innan svæðis en einnig aðilum utan svæðis. Í gegnum áfangastaðaáætlun geta fulltrúar stjórnvalda og stoðkerfis fengið skýra mynd af starfsemi ferðapjónustunnar á Norðurlandi og áherslum og verkefnum MN.




Áfangastaðurinn Norðurland

Í áfangastaðaáætlun Norðurlands er horft á Norðurland sem eina heild enda hefur mikil vinna og fjárfesting verið lögð í að byggja upp ímynd Norðurlands eða North Iceland allt frá árinu 2003¹. Svæðið er víðfemt, eða um 36 þúsund ferkílómetrar, með 28 þéttbýliskjörnum og fjölmörgum blómlegum sveitum í 15 sveitarfélögum. Á Norðurlandi búa um 39 þús. manns². Starfrækt eru tvö landshlutasamtök sveitarfélaga, þ.e. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) og Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE). Um 270³ ferðaþjónustuaðilar eru í samstarfi við MN og eru í gildi þjónustusamningar við SSNV og SSNE, auk sérstaks samnings við Tjörneshrepp.

Þegar skoðaðar eru tölur um ferðaþjónustu á Norðurlandi er svæðinu, í flestum tilfellum, skipt upp í Norðurland vestra og Norðurland eystra þ.e. á sama hátt og starfssvæðaskipting landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Norðurland í tölum:

Stærð landssvæðis	35.758 km ²
Fjöldi sveitarfélaga	15
Fjöldi þéttbýliskjarna	28
Fjöldi íbúa	38.868
Íbúar á hvern ferkílómetra	0,92
Mesta akstursfjarlægð á milli staða	496 km
Fjöldi ferðaþjónustuaðila sem eru í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands	270



¹ Sjá nánar hér: <https://www.northiceland.is/en>

² Mannfjöldatölur eftir sveitarfélögum



https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfioldi_2_byggdir_sveitarfelog/MAN02001.px/. Síðast uppfært 21.03.2024.

³ Í einhverjum tilfellum rekur sami lögaðili fjölbreytta starfsemi undir fleiri en einu vörumerki og/eða býður þjónustu á fleiri en einum stað. Samstarfsfyrirtæki MN eru því nokkru færri, eð um 250.

Stöðugreining


Skráðar gistinætur á Norðurlandi: Fjöldi og þróun

Algeng leið til að mæla umsvif ferðaþjónustu á ákveðnum svæðum er að skoða fjölda skráðra gistinátta, en Hagstofan heldur saman gistináttafjölda eftir landshlutum. Taflan hér að neðan sýnir þróun fjölda skráðra gistinátta, á árunum 2017-2023, á Norðurlandi öllu, en einnig á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. Heildarfjöldi skráðra gistinátta á árinu 2023 var 1.172.376, þar af voru 990.622 á Norðurlandi eystra (84,5%) og 181.754 á Norðurlandi vestra (15,5%).



Mynd 1: Skráðar gistinætur á Norðurlandi. Heimild Hagstofa Íslands.


Ef skoðuð er þróun fjölda gistinguáttanna á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra frá síðustu aldamótum, í samanburði við aðra landhluta, þá má sjá að vöxtur ferðapjónustu á Norðurlandi hefur ekki verið eins hraður og á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi. Staðan á Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra er þó um margt ólík. Um síðustu aldamót var ferðapjónusta á Norðurlandi eystra þegar orðin rótgróin atvinnugrein með umtalsverð umsvif, eða tæp 16% af öllum skráðum gistinguáttum í landinu. Hlutfall Norðurlands eystra var hins vegar ríflega 10% á árinu 2023. Vöxtur fjölda gistinguáttanna á Norðurlandi vestra er hægur í samanburði við aðra landshluta. Hlutdeild Norðurlands vestra í heildargistinguáttafjölda á landinu fór úr tæpum 4% niður í tæp 2% á umræddu tímabili.




Mynd 2: Þróun fjölda gistinguáttanna eftir landshlutum frá aldamótum, íslenskir og erlendir næturgestir.

Skipting gistinátta eftir uppruna gesta


Út frá gögnum Hagstofunnar um skráðar gistinætur má skoða uppruna næturgesta. Á tímabilinu 2017-2023 eru gistinætur erlendra gesta mikill meirihluti gistinátta. Undantekning frá þessu eru 2020 og 2021, en þá gætir verulegra áhrifa heimsfaraldurs og samdrætti í erlendum gestakomum að hans völdum. Töflurnar hér að neðan sýna skiptingu heildarfjölda gistinátta á ári eftir því hvort gestir hafa íslenskt eða erlent ríkisfang, á Norðurlandi í heild, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. Eins og myndirnar sýna eru hlutfall gistinátta Íslendinga almennt nokkru lægra á Norðurlandi vestra en á Norðurlandi eystra.



Mynd 3: Gistinætur, Íslendingar vs. útlendingar á Norðurlandi. Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 4: Gistinætur, Íslendingar vs. útlendingar á Norðurlandi vestra. Heimild: Hagstofa Íslands.




Mynd 5: Gistinætur, Íslendingar vs. útlendingar á Norðurlandi eystra. Heimild: Hagstofa Íslands.


Þjóðerni erlendra gesta

Þegar hlutfallsleg skipting gistinguáttanna erlendra gesta á Norðurlandi öllu árið 2023 er skoðuð eftir þjóðerni, kemur í ljós að gestir frá 10 þjóðlöndum standa að baki tæpum 78% allra skráðra gistinguáttanna. Á árinu 2023 voru Bandaríkjamenn skráðir með flestar gistinguætur, eða alls 158.342, eða ríflega 19% allra skráðra gistinguáttanna. Þjóðverjar voru skráðir með tæp 17% (137.381) og Frakkar 9,2% (75.231).


Ef Norðurland eystra og Norðurland vestra eru skoðuð sérstaklega birtast nánast sömu hlutföll fyrir Norðurland eystra eins og fyrir Norðurland allt, enda vegur Norðurland eystra mun þyngra í heildartölunum fyrir Norðurland. Ef Norðurland vestra er hins vegar skoðað þá voru Þjóðverjar skráðir með flestar gistinguætur, en Bandaríkjamenn næstflestar og Frakkar koma þar á eftir.



Mynd 6: Skipting gistinguáttanna 2023 á Norðurlandi eftir þjóðerni erlendra gesta.




Mynd 8: Skipting gistinguáttanna 2023 á Norðurlandi vestra eftir þjóðerni erlendra gesta



Mynd 7: Skipting gistinguáttanna 2023 á Norðurlandi eystra eftir þjóðerni erlendra gesta


Myndin hér að neðan sýnir þróun gistinguáttafjölda erlendra gesta eftir þjóðernum 2017-2023. Hér má sjá að gistinguætur gesta frá flestum landanna hafa náð sama fjölda á árinu 2023 og 2019, þ.e. náð sama fjölda og árið fyrir heimsfaraldur. Aðeins í tilfalli Bandaríkjamanna og Breta eru gistinguætur færri árið 2023, en árið 2019.



Mynd 9: Þróun gistinguáttafjölda erlendra gesta eftir þjóðernum 2017-2023.


Skipting gistinátta eftir árstíma

Umfang ferðaþjónusta á Norðurlandi sveiflast verulega eftir árstímum. Árstíðasveiflan sést glögglega ef dreifing gistinátta er skoðuð eftir mánuðum. Hlutfall gistinátta yfir sumarmánuðina (maí til og með ágúst) á árinu 2023 var um 68% allra gistinátta, en 32% gistinátta dreifast yfir aðra mánuði ársins. Ef skoðuð er dreifing gistinátta erlendra gesta eftir árstímum, er hlutfallið hið sama, enda veга gistinætur erlendra gesta mun hærra í heildargistináttatölum. Hlutfall gistinátta Íslendinga yfir sumarmánuðina er 66%, en 34% yfir vetrartímam.




Mynd 10: Dreifing gistinátta yfir árið, 2023.

Ef skoðuð er dreifing gistinátta eftir þjóðerni gesta kemur í ljós að árstíðarsveiflan er nokkuð mismunandi eftir því hvaða þjóðerni er skoðað. Myndin hér að neðan sýnir dreifingu gistinátta gesta frá þeim 10 löndum sem standa baki flestum gistinóttum á Norðurlandi.




Mynd 11: Dreifing gistinátta gesta af völdum þjóðernum, yfir árið 2023.

Árstíðasveiflan er minnst ef litið er til gistinátta gesta frá Bretlandi, en 43% gistinátta Breta voru yfir vetrartíma, en 57% yfir sumartíma. Árstíðasveiflan er hins vegar mest ef skoðaðar eru gistinætur Ítala, en aðeins 22% þeirra eru vetrartíma, en 78% yfir sumarið.




Mynd 12: skipting gistinátta gesta af völdum þjóðernum, eftir vetrar- og sumartímabili árið 2023.

Árstíðasveifla ferðapjónustu er veruleg í öllum sveitarfélögum Norðurlands. Myndin hér að neðan sýnir fjölda gistinátta á öllum tegundum gististaða eftir sveitarfélögum á árinu 2023, sem og hlutfallslega skiptingu í hverju sveitarfélagi milli gistinátta yfir sumartíma og vetrartíma. Akureyri og aðliggjandi sveitarfélög skera sig nokkuð úr, en þar eiga gistinætur yfir vetrartíma stærri hlut í heildarfjölda gistinátta.



Mynd 13: Gistinætur á öllum tegundum gististaða í sveitarfélögum Norðurlands árið 2023

Ef sveitarfélög á Norðurlandi eru flokkuð í þrennt má skoða nánar þróun og samanburð árstíðasveiflu innan landshlutans. Myndin hér að neðan sýnir gistináttafjölda á tímabilinu 2017-2023 á öllum tegundum gististaða. Árstíðasveifla á miðsvæði og austursvæði er afar sambærileg, en á Norðurlandi vestra er háönn þrengra tímabil en á hinum svæðunum.



Mynd 14: Skráðar gistinætur á Norðurlandi, 2017-2023, fjöldi og árstíðasveifla.
 Vestursvæði: Húnaþing vestra, Húnabyggð og Skagaströnd.
 Miðsvæði: Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Akureyri.
 Austursvæði: Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Norðurþing, Langanesbyggð.

Stefna um þróun ferðaþjónustu á Norðurlandi

Áfangastaðaáætlun er sameiginleg stefnuyfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina áherslur, aðgerðir og forgangsröðun. Í tengslum við gerð fyrstu áfangastaðaáætlunarinnar fyrir Norðurland, sem gefin var út árið 2018, var unnin greiningarvinna, sem lagði grunn að stefnu um þróun ferðaþjónustu á Norðurlandi og skilgreiningu lykilþróunarverkefna. Enn er byggt á áætluninni frá 2018, en við síðari uppfærslur hefur uppsetningin verið þróuð áfram, verkefnastaða verið uppfærð sem og greiningar. Í nýjstu útgáfu áætlunarinnar hverju sinni er jafnframt settur fram listi verkefna út frá staðbundinni forgangsröðun innan einstakra sveitarfélaga. Myndin á næstu síðu sýnir grundvallar uppbyggingu og samhengi þeirrar stefnumótunar sem felst í áfangastaðaáætlun Norðurlands, en einnig verður hér á eftir fjallað nánar um meginþætti hennar.



Framtíðarsýn Norðurlands

Norðurland stendur fyrir einstaka og fjölbreytta náttúru, vetrarupplifun, dýralíf, sögu, menningu og listir og einstaka viðburði. Framtíðarsýn Norðurlands er að aukning verði á vægi ferðapjónustu **allt árið** sem tryggi uppbyggingu **innviða**, greiðar **samgöngur**, fleiri **heilsárstörf** og meiri **framlegð** í greininni. Ein grundvallarforsenda þess að ná markmiðum í nánustu framtíð er að beint áætlunarflug hefjist til Norðurlands.

Stefnuáherslur Norðurlands

Verkefni




Markaðsáherslur

Verkefni



Forgangsverkefni sveitarfélaga

Verkefni



Framtíðarsýn

Í áfangastaðaáætlun árið 2018 var mótuð framtíðarsýn fyrir áfangastaðinn Norðurland og er sú framtíðarsýn enn höfð að leiðarljósi:

„Norðurland stendur fyrir einstaka og fjölbreytta náttúru, vetrarupplifun, dýralíf, sögu, menningu og listir og einstaka viðburði. Framtíðarsýn Norðurlands er að aukning verði á vægi ferðaþjónustu allt árið sem tryggir uppbyggingu innviða, greiðar samgöngur, fleiri heilsársstörf og meiri framlegð í greininni. Ein grundvallarforsenda þess að ná markmiðum í nánustu framtíð er að beint áætlunarflug hefjist til Norðurlands.“

Til að þessi framtíðarsýn raungerist hafa verið valdar ákveðnar stefnuáherslur sem birtast í útfærslu lykilþróunarverkefna og ferðaleiða. Einnig voru valdar ákveðnar markaðsáherslur, sem afmarka þau svið ferðaþjónustu sem stefnt er að því að byggja upp í gegnum sérstök verkefni og aðgerðir.

Stefnuáherslur

Í dag birtast stefnuáherslur í þremur lykilþróunarverkefnum/ferðaleiðum sem hagaðilar í ferðaþjónustu hafa valið að setja í forgang fyrir þróun greinarinnar á Norðurlandi. Þessi verkefni eru Flugklasinn (Air66), Demantshringurinn (Diamond Circle) og Norðurstrandarleið (Arctic Coastway). Markaðsstofa Norðurlands leiðir þessi verkefni en árangur verkefnanna er byggður á samvinnu við helstu hagaðila, s.s. ferðaþjónustufyrirtæki, ferðamálafélög, sveitarfélög og samtök þeirra.

Markaðsáherslur

Í áfangastaðaáætlun 2018 var ákveðið hverjar markaðsáherslur MN yrðu næstu árin. Þessum áherslum var skipt í þrennt, sem afmarkar um leið þau svið ferðaþjónustu sem lögð verður áhersla á að byggja upp á Norðurlandi:

- **Náttúru, ævintýra og umhverfisvæn ferðaþjónusta**
- **Vetrarferðaþjónusta**
- **Saga, menning og listir**

Markaðsáherslurnar eru leiðarljós við hönnun þróunarverkefna og markaðsaðgerða.

Náttúru og ævintýraferðaþjónusta á Norðurlandi

Ævintýraferðaþjónusta er ein af markaðsáherslum MN, en MN vinnur samkvæmt því að Norðurland geti orðið leiðandi áfangastaður í þessum flokki. Á Norðurlandi eru mikil tækifæri í þjónustu sem tengist til dæmis fjallahjólum, ísklifri, fjallahlaupum, svifvængjaflugum, skíðamennsku og fleiru. MN mun leggja áherslu á eftirfarandi til að meta þessa möguleika:

- Greining á sérstöðu svæðis og samkeppnishæfni þess í ævintýraferðaþjónustu.

- Markhópagreining.
- Greining á mögulegum markaðs- og þróunarverkefnum.
- Efnisvinnsla.

Verkefni verða leidd af MN í samvinnu við fyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu.

Vetrarferðapjónusta

Einn helsti styrkleiki áfangastaðarins Norðurlands er sú vetrarferðapjónusta sem í boði er. MN leggur áherslu á áframhaldandi þróun og á að leita leiða til ná betri árangri. Lögð er áhersla á að greina eftirfarandi atriði:

- Greining á sérstöðu Norðurlands sem áfangastaðar fyrir vetrarferðapjónustu.
- Hvernig geta fyrirtæki á Norðurlandi nýtt tækifæri í vetrarferðapjónustu.
- Greining á mögulegum þróunarverkefnum til að styðja við vetrarferðapjónustu.
- Þróun á markaðsaðgerðum.
- Greining á markhóp vetrarferðapjónustu á Norðurlandi.
- *Benchmarking* vetrarferðapjónustu.
- Efla erlent samstarf norðlægra áfangastaða.

Verkefni verða leidd af MN í samvinnu við fyrirtæki og sveitarfélög á svæðinu.

Sögu- og menningartengd ferðapjónusta

Mikil tækifæri felast í sögutengdri ferðapjónustu á Norðurlandi, sem ekki hafa verið nýtt nema að litlu leyti. Í tveimur rannsóknum sem voru fjármagnaðar með styrk frá Ferðamálastofu, var þetta undirstrikað. Í fyrri rannsókninni, sem gerð var af Rannsóknamiðstöð Ferðamála 2019, voru gestir safna, setra og sýninga á Norðurlandi spurðir um upplifun sína. Þar kom fram að 97% svarenda sögðust annaðhvort vera ánægðir eða mjög ánægðir með heimsóknir á söfnin og 90% sögðust ætla að mæla með því við fjölskyldu og vini að þeir gerðu slíkt hið sama⁴. Í seinni rannsókninni sem unnin var af Rannsóknum og ráðgjöf ferðapjónustunnar, og er byggð á könnuninni Dear Visitor, kom fram að ferðamenn á Norðurlandi eru talsvert líklegri til að skoða söfn eða sýningar en hinn almenni ferðamaður á Íslandi og því megi gera ráð fyrir því að slík afþreying dragi ferðamenn inn í

⁴ Sjá nánar hér: https://www.northiceland.is/static/files/PDF/Skyrslur/soguferdathjonusta-a-nordurlandi_loka_19.11.2019.pdf, bls. 13.

landshlutann að einhverju marki. Auk þess voru ferðamenn á Norðurlandi sömuleiðis líklegri til þess að skoða kirkjur og fræga sögustaði, en ferðamenn almennt sem sækja Ísland heim⁵.

Í heilsárskönnun Ferðamálastofu sem framkvæmd var árið 2023 var meðal annars spurt um hvaða afþreyingu fólk hafi nýtt sér á Íslandi. Svaraði 34% að þau hefði heimsótt söfn, og var það þriðja vinsælasta svarið. Í sömu könnun kom fram að af þeim sem höfðu áhuga á að koma aftur til Íslands, vildu 62% heimsækja Norðurland.

Fókus þessarar markaðsáherslu hefur verið mikil á Norðurlandi vestra, þar sem eru margir sögulegir staðir og miklir möguleikar á að tengja þá betur saman. Svæðið á mikið inni í þessum efnun eins og kom jafnframt fram í stefnumótunarvinnu sem Hjörtur Smáráson vann fyrir svæðið 2023.⁶ Þörf er á að kortleggja svæðið og draga fram það sem það hefur uppá að bjóða með áherslu á sögu og menningu. Búa til einhverskonar slóð eða stíg sem hægt er að kynna og markaðssetja fyrir innlendum og erlendum ferðaskrifstofum, en þá verða innviðir að vera tilbúnir til þess. Innviðunum er ætlað að auka öryggi ferðamanna og upplifun þeirra með t.d. bílastæðum, salernum, upplýsingagiöf, náttúrustöðum og fleira.

Haldnir hafa verið kynningarfundir með aðilum ferðaþjónustunnar í Húnavatnssýslum og Skagafirði þar sem skoðaðar voru hugmyndir varðandi uppsetningu á svona leið. Saga og menning tengist líka íslenska hestinum, kirkjum, gönguleiðum, íslensku ullinni, matarupplifun, handverki og fleiru. Á Norðurlandi vestra er mikil fjölbreytni og tækifæri sem þarf að nýta betur. Greina þarf betur hvaða sögur á að draga fram og með hvaða hætti þær eru sagðar. Í framhaldi af því er hægt að búa til heildstæða vöru með áherslu og sögu og menningu sem hægt yrði að markaðssetja á einfaldan hátt. Mestu máli skiptir að fyrirtækin sjái hag sinn í því að vinna saman og nýta sameiginlegan slagkraft til að koma nýrri vöru á markað.

Uppbygging Þrístapa er frábært dæmi þar sem búið er að byggja upp áfangastað á sviði sögu og menningartengdrar ferðaþjónustu. Einnig mætti nefna Kakalaskála, Hóla í Hjaltadal, 1238 Battle of Iceland á Sauðárkróki, fjölda áhugaverðra safna og svo mætti lengi telja.

⁵ Sjá nánar hér: https://www.northiceland.is/static/files/PDF/Skyrslur/erlendir_fmenn_saga_ofl_nl_2018_skyrsla.pdf, bls. 16-21.

⁶ Sjá nánar hér: <https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/Ferdamal/ssnv-stefnumotun-april-2023.pdf>.

Þróunarverkefni

Hér á eftir verður gerð grein fyrir lykilþróunarverkefnum, sem hafa það að útgangspunkti að leggja grunn að samkeppnishæfni Norðurlands. Við mótun og framkvæmd þessara verkefna er unnið samkvæmt hugmyndfræði klasa og ferðamannaleiða. Hér verður aðeins stiklað á stór en ítarlegri upplýsingar um hvert og eitt verkefni má nálgast á vef Markaðsstofu Norðurlands, www.nordurland.is.

Norðurstrandarleið

Norðurstrandarleið var opnuð með formlegum hætti þann 8. júní 2019 og vakti um leið mikla athygli, bæði innanlands og erlendis.

Mikil vinna hefur verið lögð í útgáfu efnis sem er til þess ætlað að aðstoða ferðapjónustufyrirtæki við að tengja sig betur við loforð leiðarinnar og þá hugmyndafræði sem hún byggir á. Markmiðið er að ná þeim sameiginlega slagkrafti sem til þarf. Hér má nefna sérstaklega eftirfarandi:

- Vörumerkjahandbók (*Brand Guidelines*) þar sem fjallað er um vörumerkið sjálft. Hvernig talað er um leiðina, hvernig nota á kennimerki leiðarinnar, hvernig myndir tengjast leiðinni, markhópa og fleira.
- Verkfærakistan (*Tool Kit*) er einungis fyrir meðlimi Norðurstrandarleiðar og þar er farið í gegnum hvernig þróa á upplifanir í anda leiðarinnar. Í verkfærakistunni er einnig að finna hagnýt, gagnvirk og útprentanleg vinnuskjöl sem nota má til að þróa nýjar upplifanir, allt frá hugmynd til markaðssetningar.
- Söluhandbók (*Trade Manual*) er uppfærð árlega og er send á fjölda ferðaskrifstofa innanlands og utan. Hún er hugsuð sem hjálpartæki fyrir fyrirtæki sem vilja setja upp ferðir undir nafni Norðurstrandarleiðar. Farið er yfir hvað þarf að hafa í huga þegar þróa á nýja ferð svo hún passi við vörumerkið svo það haldi sem best sérkennum sínum og verið sem sannast.


Áhersla er lögð á að fá fyrirtæki í samstarf og kenna þeim að nýta sér kennimerki leiðarinnar á sínum miðlum og að þau þrói vörur með loforð leiðarinnar í huga. Allir meðlimir leiðarinnar fá senda vörumerkjahandbókina og verkfærakistuna og lögð er áhersla á að þau kynni sér vörumerkið sem best og nýti á sínum miðlum. Árlega er haldinn haustfundur með meðlimum leiðarinnar þar sem farið er yfir stöðuna hverju sinni. Það skiptir máli að meðlimir leiðarinnar þekki hvern annan því með því móti geta þau bent ferðamönnum á aðra afþreyingu, gistingu, áhugaverða staði o.s.frv. Þannig fáum við ferðamenn til að stoppa lengur á svæðinu og vonandi eyða meiri peningum.



Síðustu ár hefur átt sér stað mikil vitundavakning um Norðurstrandarleið meðal erlendra og innlendra ferðabjónustufyrirtækja. Það hjálpar mikið til við að vekja athygli á svæðinu að hafa tilbúna vöru sem ferðaskrifstofur geta auðveldlega unnið með. Tekið hefur verið reglulega á mótum blaðamönnum og ferðaskrifstofum frá því að leiðin opnaði og mun það halda áfram sem nauðsynlegur hluti af markaðssetningu leiðarinnar.

Norðurstrandarleið er með sérstaka heimasíðu þar sem allir meðlimir leiðarinnar fá sitt pláss. Þar er einnig lögð áhersla á vörumerkið og um hvað það snýst. Að leiðin er ekki fyrir alla en hún hentar vel þeim sem vilja fara útaf hringveginum, hægja á sér og upplifa sögur frá heimamönnum sem búa svo nálægt heimskautsbaug.


Gefin hafa verið út kort á íslensku og ensku til að sýna leiðina bæði að sumri og vetri. Áherslur eru ólíkar eftir árstíðum og vakin er athygli á því að hluti leiðarinnar er lokaður yfir hávetur.



Mikil áhersla hefur verið lögð á þróun og skipulag innviða. Leiðin er merkt með sérstökum ferðamanskiltum, brúnum að lit, sem sýna hvar leiðin liggur. Uppsetning þeirra fór fram árið 2019 og annaðist Vegagerðin þá uppsetningu. Gagnagrunnur fyrir GIS-kort hefur verið fullkláraður, með meira en 200 stöðum sem mögulegt er að kynna sem áhugaverða. Verið er að vinna í uppfærslu á þeim gagnagrunni og fara yfir hver staðan er á stöðunum. Sérstök handbók hefur verið þróuð til að útskýra áætlun um þróun innviða, notkun gagnagrunnsins og til að styðja vinnu sveitarfélaga við að byggja upp innviði á áhugaverðum stöðum. Gott samtal og samvinna á sér stað á milli starfsfólks MN og ferðamálafulltrúa svæðisins.

Meginhlutverk innviðauppbyggingar er að auka á náttúruupplifun með þarfir ferðamanna að leiðarljósi. Þetta eru t.d. örugg bílastæði, merktar gönguleiðir að náttúruundrum, salerni og soppílát, upplýsingagjöf og spennandi hönnun innviða. Markmiðið er að hægt sé að njóta hvers staðar til fullnustu en takmarka umhverfisáhrif. Fleiri en eitt verkefni eru í gangi tengdar innviðauppbyggingu á Norðurstrandarleið og má þar nefna átak í uppsetningu skilta og verkefni sem snýr að uppsetningu listaverka á leiðinni, sem tengjast þema hvers svæðis og sögu þess.

Á næstu misserum verður lögð meiri áhersla á vetur og afþreyingu sem tengist honum, svo sem böð, söfn, sýningar og mat. Einnig verður unnið frekar að þrískiptingu leiðarinnar í samvinnu við sveitarfélög og ferðaþjónustufyrirtæki sem eru þátttakendur í verkefninu.



Demantshringur

Ferðamannaleiðin Demantshringurinn er leið sem tengir saman nokkrar þekktustu náttúruperlurnar á Norðurlandi. Upphaf verkefnisins má rekja aftur til ársins 1994 þegar heimamenn byrjuðu að nota nafnið *Demantshringur* eða *Diamond Circle* og markaðssetja leiðina sem slíka. Þessi 250 km leið hefur skilgreinda fimm lykiláfangastaði sem eru Goðafoss, Mývatn, Dettifoss, Ásbyrgi og Húsavík. Ferðir með nafninu Demantshringur hafa verið seldar í mörg ár en lengi vel var erfitt að markaðssetja leiðina af fullum krafti þar sem vegurinn frá Ásbyrgi upp að Dettifossi var einungis opinn að sumri til. Þegar Dettifossvegur komst síðan á samgönguáætlun og malbikun var lokið var ákveðið að hefja formlegt markaðsstarf. Heitið *Diamond Circle* var skrásett af Húsavíkurstofu og var í framhaldinu hafist handa við vörumerkjaþróun. Fyrsta skrefið var tekið árið 2019, þegar formlegur samstarfssamningur MN við Húsavíkurstofu var undirritaður. Myndmerki leiðarinnar var í kjölfarið hannað auk þess sem unnin var vörumerkjahandbók um notkun á merkinu. Það var síðan 6. september 2020 sem hringurinn var formlega opnaður á nýjum malbikuðum vegi milli Dettifoss og Ásbyrgis. Búið er að gefa út söluhandbók sem mun hjálpa til við að vekja enn meiri athygli á leiðinni og er hún uppfærð árlega og send á ferðaskrifstofur innanlands og erlendis. Auk þess er reglulega tekið á móti blaðamönnum og ferðaskrifstofum sem hafa áhuga á að fjalla um leiðina eða taka hana í sölu.



Vörumerki Demantshringisins er orðið vel þekkt og þær ferðaskrifstofur sem taka vöruna í sölu, eru meðvitaðar um að allir fimm lykiláfangastaðirnir þurfa að vera innan ferðarinnar svo hún standi undir nafni. Góð samvinna hefur verið á milli MN, Húsavíkurstofu og Mývatnsstofu og skiptir það miklu máli uppá áframhaldandi þróun.

Fyrirtækin á svæðinu hafa verið dugleg að nýta sér nafn og kennimerki leiðarinnar. Það er mikið af afþreyingarmöguleikum á Demantshringnum og er lögð áhersla á að ferðamenn gefi sér tíma til að fara um svæðið og gisti í 3-4 nætur.

Það skiptir máli að jafna árstíðarsveiflur á svæðinu og að ferðamenn geti ferðast um Demantshringinn að vetri jafnt sem sumri. Áframhaldandi samtal við Vegagerðina og stjórnvöld, varðandi vetrarþjónustu á Dettifossvegi, er því nauðsynlegt til að tryggja að leiðin verði aðgengileg allt árið.

Flugklasinn

Flugklasinn Air 66N var stofnaður í október 2011 af ferðaþjónustufyrirtækjum og sveitarfélögum á Norðurlandi. Verkefnið hefur frá upphafi verið í umsjá MN. Meginmarkmið Flugklasans er að koma á beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll allt árið um kring til framtíðar. Önnur langtímamarkmið eða undirmarkmið Flugklasans eru m.a.:

- Að reglulegt millilandaflug sé til Norðurlands um Akureyrarflugvöll allt árið og frá nokkrum mismunandi áfangastöðum.
- Að þróa nýjan áfangastað á Íslandi fyrir erlenda ferðamenn allt árið.
- Að fjölga ferðamönnum á Norðurlandi allt árið.
- Að bæta dreifingu á eftirspurn eftir ferðaþjónustu m.t.t. fjölda og landsvæða.
- Að skapa ný tækifæri til þróunar og nýsköpunar í ferðaþjónustu.
- Að efla þjónustu við ferðamenn m.t.t. opnunartíma og framboðs.
- Að fjölga heilsársstörfum í ferðaþjónustu.



Annar ávinningur:

- Betri möguleikar íbúa á svæðinu til beinna erlendra flugsamgangna.
- Betri möguleikar fyrirtækja á svæðinu til samstarfs og/eða landvinninga á erlendum vettvangi

Starf Flugklasans skiptist í grófum dráttum í tvennt. Annars vegar markaðsstarf – að kynna áfangastaðinn Norðurland með Akureyri sem gátt með sameiginlegri og öflugri markaðssetningu á Norðurlandi. Hins vegar þrýstingur á stjórnvöld og stofnanir til þess að vinna verkefninu framgang.

Margt hefur áunnist frá stofnun Flugklasans. Áfangastaðurinn Norðurland hefur fengið viðurkenningar erlendis og fleiri ferðaskrifstofur og flugfélög vita af áfangastaðnum en áður. Leiguflug hófst frá Bretlandi og Hollandi og gekk vel, auk áætlunarflugs sem kom til síðar. Flugþróunarsjóður var stofnaður til þess að búa til hvata fyrir flugrekstraraðila til að fljúga til Akureyrar og/eða Egilsstaða. Settur var upp nýr ILS aðflugsbúnaður á Akureyrarflugvelli fyrir aðflug úr norðri.

Ný viðbygging við flugstöðina á Akureyri er risin, sem gjörbreytir allri aðstöðu til móttöku gesta og gerir mögulegt að taka á móti innanlandsflugi og millilandaflugi á sama tíma. Jafnframt hefur verið lokið við stækkun flughlaðsins, sem stóreykur möguleika á móttöku flugvéla en er jafnframt

gríðarlega mikilvægt fyrir flugöryggi á landinu. Ný og bætt aðstaða er frábær grunnur fyrir áframhaldandi sókn á erlenda markaði, en í markaðsáætlun Flugklasans má sjá nánari upplýsingar um hana.

2024 -2025		JÚN	JÚL	ÁGÚ	SEP	OKT	NÓV	DES	JAN	FEB	MAR	APR	MAÍ
easyJet	London Gatwick						PRI 14:50 FRÁ AEY LAU 13:20 FRÁ AEY						
easyJet	Manchester						PRI 12:05 FRÁ AEY LAU: 10:55 FRÁ AEY						
Edelweiss	Zurich	LAU 00:50 FRÁ AEY											
Kontiki	Zurich									SUN 12:20 FRÁ AEY			
Voigt Travel	Amsterdam								LAU 9:20 FRÁ AEY		PRI KL 10		
Voigt Travel	Rotterdam	FIM 10:25 FRÁ AEY											

Mynd 15: Yfirlit yfir framboð á millilandaflugi um Akureyrarflugvöll 2024-2025.

Framboð á millilandaflugi um Akureyrarflugvöll hefur aukist jafnt og þétt. Mikill árangur hefur náðst, en nauðsynlegt er að halda starfi Flugklasans áfram til að festa í sessi það flug sem komið er og byggja ofan á þann árangur. Flugklasinn vinnur mikið með þeim aðilum sem standa fyrir fluginu, ásamt því að vinna sífelld að því að fjölga áfangastöðum og lengja þau tímabil sem flogið er.

Gagnagrunnur gönguleiða

Í framhaldi af gerð fyrstu útgáfu áfangastaðaáætlun Norðurlands árið 2018 veitti Ferðamálastofa styrk til að búa til gagnagrunn um gönguleiðir á Norðurlandi. Stýrihópur setti fram grunnforsendur um hvaða upplýsingar væru nauðsynlegar svo hægt yrði að deila viðkomandi leið á miðlægum grunni. Um sumarið 2019 voru síðan sveitarfélög beðin um að senda inn leiðir á sínu svæði og bárust inn um 20 leiðir í fyrsta áfanga. Í framhaldi af því var sett upp vefsíða þar sem hægt er að sækja upplýsingar um viðkomandi leiðir og sækja GPX skrár sem sýna þær á korti. Sumarið 2020 var aftur kallað eftir leiðum og bárust þá um 45 leiðir í verkefnið. Á grunni þessarar vinnu var svo árið 2023 ráðist í vinnu við að gera uppfærðan gönguleiðagrunn í samstarfi við Ferðamálastofu. Þeirri vinnu er nú lokið og innleiðing og markaðssetning efnis því framundan.

Ferðamálafultrúar á Norðurlandi geta sótt um aðgang að þessum nýja gagnagrunni og sett inn leiðir. Einnig er hægt að fá lánað tæki hjá Ferðamálastofu sem nýtist við að hnitsetja leiðina og koma henni á kortið.

Samtökin ATTA (Adventure Travel Trade Association) framkvæma rannsóknir á ferðahegðun fólks og hvaða afþreyingarmöguleikar eru vinsælastir hverju sinni. Meðlimir samtakanna fá þessar niðurstöður og geta nýtt sér þær þegar kemur að vörubrúun og markaðssetningu. Nýjustu niðurstöður þessara rannsókna sýna að gönguferðir eru mjög vaxandi og því miklir möguleikar fyrir Norðurland að verða leiðandi í þeim efnum með skilvirkri uppsetningu á gönguleiðum um svæðið.

The screenshot shows a web interface for a trail named "Skólavaraða á Vaðlaheiði". It includes a title, a description, and two photographs of the trail. Below the photos is a section titled "Nánari upplýsingar" (More information) with various details like location, length, and difficulty. To the right, there is a map showing the trail route and a data visualization of the trail's elevation profile.

Taste North Iceland

Markmiðið með „Taste North Iceland“ verkefninu er að þróa Norðurland sem þekktan mataráfangastað. Ferðaþjónusta sem snýst um mat er einn öflugasti þátturinn í ferðaþjónustu á heimsvísu um þessar mundir. Markmið MN er að efla þennan þátt í norðlenskri ferðaþjónustu til að tengja hana betur við þá hópa ferðamanna sem hafa áhuga á matartengdum upplifunum.

Á nokkrum svæðum á Norðurlandi er verið að vinna að verkefnum og matarstígum sem tengjast mat úr héraði. Taste North Iceland skapar nýtt tækifæri til að styðja við þessi verkefni svo þau nái betri athygli á erlendum mörkuðum og styður sem fyrr segir við þróun Norðurlands sem áfangastaðar með sterka tengingu við mat og upplifanir sem tengjast mat. Þessar upplifanir þurfa að vera sem fjölbreyttastar til þess að það takist. Þær geta snúist um allt frá matarmörkuðum til fínna veitingastaða, dagsferðir með áherslu á mat, matarstíga og matarhátíðir. Þó er vert að taka fram að á undanförunum árum hefur þróun matartengdra verkefna og matarstíga verið hæg og verkefnin jafnvel verið í dvala. Það hefur reynst hindrun í framþróun Taste North Iceland verkefnisins og markaðssetningu gagnvart erlendum ferðaskrifstofum. Verkefnið hefur því að einhverju leyti staðnað og lítið þróast áfram í samhengi við svæðisbundin verkefni.

Í verkefninu er lögð áhersla á norðlenskt hráefni og hefðbundna matarframleiðslu, þar sem ferðamenn vilja upplifa áfangastaðinn í gegnum mat. Þeir vilja smakka, fræðast og eiga í samskiptum með því að njóta alvöru norðlenskrar matarupplifunar. Á þeim forsendum hefur verið búin til „verkfærakista“ (e. Tool kit) um mat úr héraði, til þess að hjálpa samstarfsfyrirtækjum MN að skapa þessar upplifanir og nýta þeirra eigin leiðir í markaðssetningu.

Gerð hefur verið sér vefsíða undir hatti MN sem dregur fram sérstöðu svæðisins í matargerð, auk veitingastaða á Norðurlandi. Á síðunni má sjá upplýsingar um alls kyns hráefni sem kemur frá Norðurlandi, margvíslega matarframleiðslu og ljósmyndir sem sýna hana. MN lét framleiða myndir og myndband fyrir verkefnið, sem bæði má sjá á vefsvæðinu en einnig í myndabanka MN í Brandcenter

Birding North Iceland

Í mörg ár hefur MN unnið að uppbyggingu og markaðssetningu á fuglaskoðun á Norðurlandi. Unnið hefur verið í samstarfi við Fuglastígin á Norðurlandi eystra, Ferðamálasamtök Norðurlands vestra og verkefnahóp í Eyjafirði. Undanfarin ár hafa starfsmenn MN farið á Bird fair sem er fuglaskoðunarsýning í Bretlandi ásamt fulltrúum ferðaþjónustufyrirtækja og svæða. Verkefnið heldur áfram því það er mat MN að Norðurland sé einstakt fuglaskoðunarsvæði því hér er að finna tegundir sem draga gesti alls staðar að úr heiminum. Fólk sem heimsækir áfangastaði vegna fuglaskoðunar er almennt að skoða náttúru og dýralíf. Hvalaskoðun er stórt aðdráttarafl og þessi markhópur dvelur jafnan lengi og fer víða. (sjá nánari upplýsingar á www.birdingiceland.is)

Með Birding verkefninu er Norðurlandið styrkt sem áfangastaður fuglaskoðara, en sá hópur stækkar sífellt sem ferðast vegna þessa áhugamáls. Næstu verkefni í kynningu snúa að uppfærslu á efni svæðisins tengt fuglum. Þegar hafa verið sóttir styrkir til að hanna og byggja fuglaskoðunarskýli og er ætlunin að fjölga þeim á næstu árum. Markaðsstofan fór fyrir vinnu á svæðinu þar sem mögulegir staðir fyrir fuglaskoðunarskýli voru kortlagðir og hefur verið unnið eftir þeirri kortlagningu síðan 2016. Skýrslan sjálf var unnin af arkitektastofunni Biotope sem sérhæfir sig í hönnun tengdri náttúru- og fuglaskoðun. Markaðsstofan hefur haft milligöngu varðandi umsóknir í Uppbyggingarsjóði vegna verkefnisins og eins veitt aðstoð við gerð umsókna í Framkvæmasjóð ferðamannaáætlun. Umsóknir og stuðningur vegna uppbyggingu fuglaskoðunarskýla frá Framkvæmdasjóð ferðamannaáætlun má sjá hér að neðan.

- 2017: Styrkur vegna hönnunar á sex fuglaskoðunarskýlum á Norðurlandi eystra.
- 2018: Uppbygging á áningarstað við Hrísatjörn, stuðningur við gerð á þremur fuglaskoðunarskýlum, fyrsti áfangi: Kaldbakstjarnir, Skoruvíkurbjarg og Bakkahlaup.
- 2020: Annar áfangi í byggingu skýla við Skoruvíkurbjarg og Bakkahlaup. Nýpslón og Skipshólmi við Vopnafjörð naut einnig góðs af verkefninu.
- 2021: Styrkur vegna hönnunar: Fuglaskýli Höskuldarnes og fuglaskýlið við Kópasker, bygging á skýli við Kaldbakstjarnir.
- 2024: Styrkur til byggingar fuglaskoðunarhúss við Leirutanga.

Fleiri dæmi eru um uppbyggingu fuglaskoðunaraðstöðu þar sem sveitarfélög hafa sýnt frumkvæði og aflað fjármagns til uppbyggingar, án beinnar aðkomu MN. Í því samhengi má t.d. nefna uppbyggingu fuglaskoðunaraðstöðu á Spákonufellshöfða á Skagaströnd.

Skíði á Norðurlandi

Áfram verður unnið með skíðasvæðunum á Norðurlandi að markaðssetningu erlendis og vörupróun auk þess sem unnið verður að eflingu samstarfs. Erlendum gestum er að fjölga í heildina þó það sé mismunandi eftir svæðum innan landshlutans. Gögn frá skíðaleigum gefa til kynna að fjöldi erlendra gesta sem leigja búnað sé að aukast og einnig er hópum að fjölga lítilliga erlendis frá. Skíðasvæðin á Norðurlandi hafa þróast lítið en fleiri minni svæði hafa opnast. Lykil svæði eru eftir sem áður Akureyri (Hlíðarfjall), Dalvík (Böggvisstaðafjall), Siglufjörður (Skarðsdalur) og Sauðárkrókur (Tindastóll). Minni svæði eru Ólafsfjörður (Tindaöxl), Húsavík (Reykjaheiði) og Mývatn (Krafla).

Önnur tegund skíðamennsku er að aukast og fjölbreyttar vörur eru í boði í tengslum við fjallskíði. Gönguskíði eru ekki eins vinsæl og ástæða þess tengist minna framboði og eftirspurn á gönguskíðapökkum sem voru vinsælir með Íslendinga 2021-2023.

Sérstaðasvæðisins er fjölbreytileiki í afþreyingu, nálægð við sjó og stuttur ferðatími innan svæðis. Markhópur út frá greiningu Íslandsstofu er Lífsglaði heimsborgarinn (e. the Fun-loving Globetrotter). Helstu tækifærin liggja á markaðssvæðum sem geta nýtt sér beint flug til Akureyrar. Hlíðarmarkhópur eru fyrirtækjahópar. Það sem helst framundan í eflingu skíðatengdrar ferðaþjónustu er eftirfarandi:

- *Skilgreining sérstakra aðgerða í tengslum við beint flug til Akureyrar.*
- *Markaðsaðgerðir.*
- *Greining á mögulegum þróunarverkefnum.*

Verkefnið verður áfram leitt af MN og samstarfsaðilar eru fyrirtæki og rekstraraðilar skíðasvæða.



Forgangsverkefni sveitarfélaga í uppbyggingu áfangastaða á Norðurlandi

Við mótun áfangastaðaáætlunar er unnið í nánú samstarfi við sveitarfélög og er mikilvægur hluti áætlunarinnar listi staðbundinna uppbyggingarverkefna sem forsvarsaðilar hvers og eins sveitarfélags á Norðurlandi hafa valið að setja í forgang. Verkefnin eru misstór og byggja á þörfum hvers sveitarfélags en eiga það sammerkt að bæta aðgengi að áfangastöðum eða búa til nýja þar sem bæði er gætt að því að byggja upp grunnþjónustu og að því að bæta upplifun ferðamanna.

Húnaþing vestra

Verkefni 1: Uppbygging áfangastaða á Vatnsnesi

Markmiðið er að mæta sífellt auknum áhuga ferðafólks á Vatnsnesi. Framkvæmdir við veginn fyrir Vatnsnes eru á samgönguáætlun næstu ára. Vegurinn er jafnframt hluti af Norðurstrandarleið. Því má búast við aukinni umferð á komandi árum. Áherslan er því sett á að byggja upp áningarstaði á nesinu í samstarfi við landeigendur. Um er að ræða staði sem tengjast sögu, menningu og náttúruupplifun s.s. sela- og fuglaskoðun og eru þegar farnir að draga að sér gesti þó ekki hafi verið ráðist í uppbyggingu þar. Er því um að ræða mikilvægt verkefni til að koma í veg fyrir náttúruspjöll og jafnframt til að gæta öryggis ferðamanna. Um er að ræða kortlagningu nýrra áfangastaða og uppbyggingu á þeim helstu stöðum sem ferðamenn hafa viðkomu í dag svo sem (ekki tæmandi listi): A) Illugastaðir, B) Svalbarð, C) Flatnefsstaðir, D) Tjörn, E) Hamarsrétt, F) Ánastaðastapi og G) Skarðsviti. Einungis á þeim fyrstnefnda hefur til þessa verið einhver markviss uppbygging. Jafnframt verður farið í uppbyggingu við Hvítserk og Borgarvirki sem eru staðir á landsáætlun. Skoðaðir verði fleiri hugsanlegir áfangastaðir. **Helstu verkliðir:** A) Kortlagning áfangastaða í samvinnu við landeigendur, B) Forgangsroðun uppbyggingar, C) Deiliskipulag viðeigandi staða, D) Styrksúmsóknir, E) Framkvæmdir í takt við forgangsroðun

Verkefni 2: Borðeyri

Markmið verkefnisins er uppbygging Borðeyrar sem áfangastaðar. Unnið verði að útfærslu og þróun í kjölfar skilgreiningar „verndarsvæðis í byggð“, þar sem unnið verði með þá möguleika, sem saga og forn húsakostur bjóða upp á, auk þess að möguleikar til náttúruskoðunar og sögutengds viðburðahalds verði eflidir. **Helstu verkliðir:** A) Hönnun og deiliskipulag svæðisins, B) Forgangsroðun verkefna, C) Styrksúmsóknir, C) Framkvæmdir í takt við forgangsroðun svo sem: Uppsetning náttúruleugar við Borðeyri og uppsetning fuglaskoðunarstaðar á eða í jaðri Borðeyrar.

Verkefni 3: Stígakerfi

Markmið verkefnisins er samtenging þéttbýlisstaðanna á Laugarbakka og Hvammstanga við útivistarsvæði í Kirkjuhvammi ofan Hvammstanga með göngu- og hjólastígum. Slík samtenging eykur líkur á því að ferðamenn staldri lengur við og njóta náttúru sveitarfélagsins. Um öryggismál

er að ræða þar sem fólk gengur/hleypur og hjólar á umferðarmiklum akbrautum í dag. Mikill fjöldi ferðamanna dvelur á Hótelinu á Laugarbakka og skortir tengingar þaðan við Hvammstanga. Stígakerfið mun liggja frá Laugarbakka að Hvammstanga og tengja saman þjónustukjarna sunnan megin í bænum við hafnar svæðið þar sem eru verslanir, veitingastaðir og Selasetrið. Þaðan verður tenging við útivistarsvæðið í Kirkjuhvammi styrkt en þar er tjaldsvæði að finna. Með þessu er svæðið eflt sem upphafspunktur Norðurstrandarleiðar. Jafnframt verður skoðuð uppbygging grunnþjónustu (WC) e.t.v. í samvinnu við Selasetrið og gönguleiða meðfram ströndinni til norðurs, þaðan sem oft má sjá seli og jafnvel hvali. **Helstu verkliðir:** A) Hönnun stígakerfis í samvinnu við landeigendur þar sem það á við, B) Deiliskipulag, C) Styrksumsóknir, D) Framkvæmdir.

Verkefni 4: Kolugljúfur

Markmið verkefnisins er uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn við Kolugljúfur til að bæta öryggi ferðamanna. Kolugljúfur með sínum tilkomumiklu fossum er fyrir löngu orðið eitt af kennileitum svæðisins og sennilega einn fjölfarnasti áningarstaður ferðafólks í sveitarfélaginu sunnan hringvegjar. Staðurinn er farinn að sýna merki átroðnings og skemmdir eru orðnar á náttúru. Um mikið öryggismál er að ræða vegna aðstæðna við gljúfrin og mikillar fallhættu víða á svæðinu. Mikilvægt er að ljúka uppbyggingu og frágangi á svæðinu til að mæta aukinni umferð og bæta öryggi. Deiliskipulag liggur fyrir. **Helstu verkliðir:** A) Leggja göngustíg að núverandi útsýnispalli austan megin gljúfra (styrkur liggur fyrir), B) Fullnaðarhönnun svæðisins í samvinnu við landeigendur, C) Forgangsröðun verkefna, útsýnispalla og stíga, D) Styrksumsóknir, E) Framkvæmdir.

Verkefni 5: Reykir í Hrútafirði

Markmið verkefnisins er uppbygging svæðisins á Reykjum í Hrútafirði sem áfangastaður. Um er að ræða svæðið við Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna annars vegar, sem um leið er fuglaskoðunarstaður og hins vegar við náttúruleg norðan megin við skólabyggingar. Með því fær svæðið viðameira hlutverk fyrir ferðafólk á heilsárs grundvelli. Samhliða þessu má hugsa sér að gera meira úr þeim minjum, sem tengjast veru breska setuliðsins á svæðinu og byggja upp frekari þjónustu á tanganum. **Helstu verkliðir:** A) Deiliskipulag og hönnun, B) Forgangsröðun verkefna og gerð verkáætlunar, C) Styrksumsóknir, D) Framkvæmdir í takt við forgangsröðun.

Húnabyggð

(áður Húnabyggð og Skagabyggð, sameinað 1. ágúst 2024)

Verkefni 1: Kálfshamarsvík

Í Kálfshamarsvík á Skaga er heilmikil saga og sýnilegar minjar um þorp sem eitt sinn iðaði af lífi. Þar er viti sem er sterkt auðkenni fyrir svæðið og jafnframt sérstakar stuðlabergsmyndanir, sem trekkja að, auk óviðjafnanlegs útsýnis. Staðurinn er orðinn vinsæll viðkomustaður ferðamanna, en með uppbyggingu á svæðinu verður hægt að auka mikið aðdráttarafl hans. Einnig þarf að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru fyrir ágangi. **Helstu verkliðir:** Leggja á stíga með aðgengi fyrir alla frá núverandi bílastæði að vitanum og styrkja þær gönguleiðir sem skilgreindar eru í deiliskipulagi. Í dag er víða ófullnægjandi aðgengi vegna bleytu, hliðarhalla og einnig má sjá rof eftir ferðamenn sem kalla á aðgerðir sem fyrst. Þá er einnig hugmyndin að hanna og koma upp útsýnispöllum, bryggju og öryggisgirðingum, hönnun og bygging nýs bílastæðis og koma upp þjónustuhúsi.

Verkefni 2: Þrístapar – lýsing fyrir gesti og ferðamenn

Þrístapar eru þrír samliggjandi smáhólar sem eru hluti af Vatnsdalshólum. Þar fór fram síðasta aftaka á Íslandi 12. janúar 1830. Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að byggja upp áfangastað fyrir ferðamenn á gömlum grunni að Þrístöpum. Komið hefur verið upp bílastæði, snyrtihúsi og sögustíg þar sem upplýsingum er miðlað á skiltum og með listaverkum. Þannig hefur áfangastaðurinn verið gerður aðgengilegur fyrir ferðamenn og sækja nú þegar fjöldi manns hann heim, enda í alfaraleið við þjóðveg 1. Til að bæta öryggi og gera staðinn aðgengilegan allan sólarhringinn, allan ársins hring er nauðsynlegt að lýsa vel upp bæði bílastæði sem og meðfram sögustígnum að Þrístöpunum sjálfum. Þannig mætti lengja ferðamannatímabilið á Þrístöpum og áfangastaðurinn yrði enn stærri þáttur í að laða ferðamenn á svæðið og hægja á þeim sem eiga leið í gegn. **Helstu verkliðir:** Hönnun og uppsetning raflýsingar á bílastæði og meðfram sögustíg.

Verkefni 3: Gönguleiðir og göngubrú á bökkum Blöndu (Blönduós)

Verkefnið snýst um nýja ferðamannaleið sem byggir á eldri grunni. Þessi leið mun tengja saman Hrútey sem er friðlýst eyja í ánni Blöndu, gamlan bæjarkjarna með athyglisverðum menningarverðmætum, ströndina með óviðjafnanlegu sólarlagi og athyglisverða staði meðfram ánni. Þarna skapast möguleikar á samfelldum gönguleiðum langt upp með Blöndu beggja vegna árinna. Einnig skapast möguleikar á leiðum meðfram sjávarsíðunni til norðurs og suðurs. **Helstu verkliðir:** Öryggisúttekt á gönguleiðum við bakka Blöndu, hönnun, aðlögun og útfærsla göngustíga við Blöndu, hönnun göngubrúar við ósinn, gerð deiliskipulags fyrir Hrútey og göngubrú yfir á suðurbakkann, og gerð deiliskipulags fyrir brúarstæði og gönguleiðir við ósinn.

Skagaströnd

Verkefni 1: Spákonufellshöfði

Fuglaskoðunarhús er í byggingu og verið er að undirbúa framkvæmd á útsýnispalli aðgengilegum fyrir hreyfihamlaða. Búið er að bæta stígakerfi og ný skilti skv. Vegrúnarkerfinu eru í framleiðslu. Búið er að bæta aðgengi og bílastæði við inngang á svæðið. Ráðgert er að laga aðkomu við annan inngang á næsta ári og tengja betur við Höfnina. Markmið verkefnisins er að varðveita náttúru og fuglalíf á svæðinu á sama tíma og aðgengi gesta er bætt. Að vernda náttúru með betri stígum og merkingum á stígum. Að bæta almennt aðgengi sem og aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Að uppfæra og miðla fræðslu um lífríki og sögu. **Helstu verkliðir:** Fuglaskoðunarhús. Útsýnispallur með aðgengi fyrir alla. Lagfæring stíga. Lagfæring bílplana. Upplýsingaskilti og vegvitar. Hjólastólafær stígur.

Verkefni 2: Hafnarhúsið

Hafnarhúsið er eitt elsta hús Skagastrandar, timburbygging sem var notuð í síldarvinnslu áður en Síldarverksmiðja Ríkisins var byggð á 5. áratugnum. Ráðgert er að gera upp Hafnarhúsið og koma fyrir í því aðstöðu fyrir ferðafólk og starfsfólk í fiskvinnslu á höfninni: salerni, kaffiaðstaða, upplýsingar o.fl. Húsið er í eigu sveitarfélagsins. Markmiðið er Að búa til aðstöðu fyrir sjómenn og ferðafólk. Að Hafnarhúsið verði upplýsingamiðstöð vegna ferðamennsku og sögu staðarins. Að Hafnarhúsið verði sjarmerandi og gagnlegur tengipunktur milli rótgróins sjávariðnaðar og vaxandi ferðamannaiðnaðar. **Helstu verkliðir:** Fullnaðarhönnun. Endurbætur á húsinu.

Verkefni 3: Hafnarstígurinn

Hafnarstígurinn tengir saman strandlengjuna frá miðbæ að hafnarsvæði. Nýr stígur og hvíldar/áfangastaðir á honum. Skipulag bæjarins er dreift, en stígurinn mun tengja saman alla helstu áfangastaði bæjarins. Framkvæmdir við nýja fráveitu eru í gangi og samhliða þeim er gerður nýr breiðari göngustígur við sjóinn. Með verkefninu er ætlunin að tengja saman miðbæinn, hafnarsvæðið og Spákonufellshöfða. Að búa til örugga og vandaða gönguleið fyrir ferðamenn og heimamenn. Að búa til áfangastaði við sjóinn sem og aðgengi að sjónum. **Helstu verkþættir:** Nýr göngustígur, nýir áfangastaðir og hvíldarstaðir í tengslum við stíginn. Skilti með upplýsingum og fræðslu.

Verkefni 4: Sjóbað á Hólanesi

Á Hólanesi er frábært útsýni yfir á Strandir og góður staður til að baða sig í sjónum. Þar er ráðgert að búa til aðstöðu með gufubaði og tröppum/stíg til að komast örugglega út í sjó til sunds og búa þannig til nýjan áfangastað sem veitir vellíðan og eflir heilsu. **Helstu verkþættir:** Hönnun og framkvæmd gufubaðs.

Verkefni 5: Herring Hotel

Gamla Síldarverksmiðja ríkisins á Skagastrandarhöfn er í eigu sveitarfélagsins. Ráðgert er að breyta verksmiðjunni í boutique hótél sem verður áfangastaður í sjálfu sér, umhverfisvottað og fallega hannað í endurgerðu húsnæði verksmiðjunnar. Hótelið og áætluð sjóböð munu virka vel saman sem aðdráttarafl. Vöntun er á hótélplássum á norðurlandi vestra og ekkert hótél er á Skagaströnd. Hótelið verður áfangastaður í sjálfu sér sem mun fjölga ferðamönnum og styrkja aðra ferðaþjónustu á svæðinu. Hótelið mun einnig hafa tengingu við lista- og vísindasenu Skagastrandar, sérstaklega á veturna. Artist / Scientist in Residency. **Helstu verkþættir:** Deiliskipulag hafnarsvæðisins sem tryggir sambúð hótels og fiskvinnslu, sem og öryggi ferðamanna. Hönnun og framkvæmd hótels.

Skagafjörður

Verkefni 1: Staðarbjargavík

Bætt aðgengi í Staðarbjargavík við Hofsós með gerð útsýnispalla, stíga og stiga í með handriði. Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi, stýra umferð um svæðið, bæta öryggi ferðamanna og vernda svæðið fyrir átroðningi. **Helstu verkþættir:** Hönnun og deiliskipulagi er lokið við Staðarbjargavík. Næstu skref eru framkvæmdir við stígagerð, byggingu útsýnispalla og stiga niður í björgin.

Verkefni 2: Hólar í Hjaltadal

Uppbygging hins sögulega staðar Hóla í Hjaltadal sem áfangastaðar fyrir ferðamenn. Markmiðið er að bæta vegvísa, gönguleiðir, upplýsingagjöf, bílastæði, salernisaðstöðu, sem og að vernda minjar og náttúru. **Helstu verkþættir:** Fyrsti fasi er hönnunarvinna sem staðið hefur yfir og næsti fasi eru framkvæmdir á svæðinu.

Verkefni 3: Glaumbær

Úrbætur á aðkomu ferðamanna í Glaumbæ. Markmiðið er að bæta aðkomu ferðamanna í Glaumbæ með það að leiðarljósi að bæta öryggi ferðamanna og annarra vegfarenda um svæðið. **Helstu verkliðir:** Deiliskipulag og hönnun bílastæða við Glaumbæ og síðar framkvæmdir á verkinu.

Verkefni 4: Kakalaskáli

Áframhaldandi uppbygging á hinum fjölfarna ferðamannastað Kakalaskála. Markmiðið er bætt aðgengi og áframhaldandi uppbygging á svæðinu í kringum Kakalaskála. **Helstu verkþættir:** Gerð göngustíga, merkingar, hönnun og gerð nýrra listaverka o.fl.

Verkefni 5: Austurdalur

Bæta aðgengi og aðstöðu í Austurdal í Skagafirði, sem er mikil náttúruperla sem þarf að varðveita og bæta aðgengi að. Markmið verkefnisins er bætt öryggi við flutningskláf yfir Eystri-Jökulsá á Skatastöðum, gerð bílastæða, göngustíga og upplýsingaskilta. **Helstu verkliðir:** Verkið verður unnið í tveimur hlutum. Fyrst hönnunarvinna og síðar framkvæmdir.

Fjallabyggð

Verkefni 1: Brimbrettaaðstaða - Brimnestunga í Ólafsfirði

Markmiðið er að skapa aðstöðu sem ekki er til staðar við Brimnestungu í Ólafsfirði en svæðið er tilvalið til að stunda brimbretti allt árið um kring. Einnig er svæðið tilvalið til að stunda sjósund, upplifa miðnætursólina, norðurljósinn, fuglalífið, eða til fjöruferða. Aðstaðan á Brimnesbökkum mun efla og styrkja Ólafsfjörð sem ferðamannastað á heilsársgrundvelli. Notendur aðstöðunnar eru íbúar Fjallabyggðar, gestir, brimbrettafólk og náttúruunnendur. Verkefnið fellur undir heildarhugmynd hvað varðar þróun og uppbyggingu ferðamannastaða í Ólafsfirði en fjaran við Brimnes er vinsæl til útivistar. Ólafsfjörður er á Norðurstrandarleið sem áhugaverður áfangastaður. Á bökkunum verður reist aðstöðuhús með salerni, sturtu og búningsaðstöðu. Frá aðstöðuhúsi meðfram bökkunum og niður í rekabása (sem er grjótfjaran neðan við svæðið) verður lagður göngustígur. Einnig verður gert bílastæði. Verkefnið er unnið með það fyrir augum að fara í frekari framkvæmdir á svæðinu á næstu árum en áform eru uppi um að ráðast í lagfæringar á aðkomu og aðstöðu í sjávarmáli með heitum og köldum potti. Fjallabyggð hefur samþykkt að fara í verkefnið og hefur lokið við deiliskipulagsupphrátt. **Helstu verkliðir:** Hönnun svæðis, efnisöflun, framkvæmd, gerð bílastæða, uppsetning þjónustuhúss, lagning stíga.

Verkefni 2: Fuglaskoðunarhús í Fjallabyggð

Fjallabyggð er aðili að sameiginlegri umsókn um styrk í Uppbyggingasjóði Norðurlands eystra (SSNE) vegna hönnunar fuglaskoðunarhúsa á Eyjafjarðarsvæðinu. Styrkur fékkst úr sjóðnum í verkefnið. Samstarfsaðilar verkefnisins á Eyjafjarðarsvæðinu eru ásamt Fjallabyggð, Akureyrarbær og Hörgársveit. Markmið fuglaskoðunarhúsanna er að skapa aðstöðu fyrir áhugafólk til að fylgjast með og mynda það fjölbreytta fuglalíf sem getur verið bæði á tjörnunum og í fjörunni. Fjallabyggð er á Norðurstrandarleið sem áhugaverður áfangastaður. Vinna er þegar komin á fullt. Heimsókn arkitektanna frá Noregi gekk vel í sumar og tillögur að skýlum klárar. Með verkefninu verður ferðamennska í tengslum við fuglaskoðun á Norðurlandi styrkt. Á undanförunum árum hafa nokkur fuglaskoðunarskýli risið á Norðurlandi og hefur það þegar skilað auknum áhuga á þessari tegund ferðamennsku, sem er mjög vaxandi á landsvísu. Með hönnun og á síðari stigum byggingu þessara skýla á Eyjafjarðarsvæðinu er markmiðið að skapa sterkari heildar upplifun ferðamanna í fuglaferðamennsku á Norðurlandi og laða fleiri á svæðið, án þess að ganga á náttúruna. **Helstu verkliðir:** Smíði á skýli og því komið fyrir á stað sem hefur verið lagður til af arkitektum.

Verkefni 3: Uppbygging útsýnisstaðar í Ólafsfjarðamúla

Í Múla er að finna stórkostlegan stað fyrir miðnætursól að sumri og norðurljós að vetri vegna lítillar ljósmengunar. Þessi staður þarf mikla upplýftingu en gæti orðið vinsælasti staðurinn fyrir þessa sýn. **Helstu verkliðir:** Laga veg upp á gamla Múlaplan. Útbúa áningarstað neðan við veginn með upplýsingum um svæðið og menningarsögulega minjar. Göngustígur niður að Hálfðánarhurð. Skiltagerð og kynningarmál. Hönnun útsýnispalls, efnisöflun, samningar við landeiganda.

Verkefni 4: Útivistarskáli í Skarðsdal á Siglufirði

Skíðasvæðið í Skarðsdal er sannkölluð skíðaparadís og miðstöð vetraríþróttar, ásamt því að þjóna ýmiskonar útivist og náttúruupplifun allt árið um kring s.s. merktum gönguleiðum, utanvegahlaupaleiðum, hjólabrautum o.fl. Uppbygging skíðasvæðisins í Skarðsdal einkennist af miklum metnaði og eykur samkeppnishæfni Fjallabyggðar. Nú standa yfir miklar breytingar á skíðasvæði Fjallabyggðar í Skarðdal. Hluti af framkvæmdinni er færsla á lyftum og bygging á nýjum heilsárs útivistarskála. Nýjum útivistarskála er ætlað að stórbæta öryggi og aðgengi fólks óháð aldri, hreyfigetu, styrk og jafnvægi í fjölbreyttum íþróttagreinum. Skíðaiðkun og vetrarferðaþjónusta mun njóta góðs af bættri aðstöðu en einnig útivist almennt á öðrum árstíðum, s.s. gönguferðir og hjólréiðar. Útivistarskálinn mun geta þjónað hlutverki miðpunkts leiðakerfis merktra göngu-, skíða- og hjólreiða og með staðsetningu sinni stuðla að auknu öryggi og bættri upplifun ferðamanna. **Helstu verkliðir:** Hönnun svæðis, efnisöflun, framkvæmd, gerð bílastæða, uppsetning útivistarskála og lagning stíga.

Verkefni 5: Hafnarsvæðið í Ólafsfirði – spennandi viðkomustaður

Stefna á að gera hafnarsvæðið á Ólafsfirði aðlaðandi fyrir ferðafólk. Á svæðinu er Styrjueldi og vilji forsvarsmanna þess er að gera fyrirtækið aðgengilegra almenningi í samstarfi við Fjallabyggð. Á svæðinu eru ferða- og afþreyingaraðilar að bjóða upp á m.a. sæþotur. Mikið er af ónýttu húsnæði sem áhugavert væri að nýta sem fjölnota húsnæði fyrir ferðaþjónustu, listamenn o.fl. Ætlunin er að gera hafnarsvæðið á Ólafsfirði að spennandi áfangastað fyrir ferðamenn, Ólafsfjörður er hluti af Norðurstrandarleið. Hanna fjarvinnuaðstöðu til lengri eða skemmri tíma. **Helstu verkliðir:** A) Vinna deiliskipulags og hönnunar B) Framkvæmdir.

Dalvíkurbyggð

Verkefni 1: Útsýnispallur í Múla

Hönnun og smíði útsýnispalls og bílastæðis. Vegur að útsýnispalli. Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi og aðstöðu svo gestir og heimamenn geti staldrað við og notið miðnætursólarinnar, útsýnisins og norðurljósa. Einnig að stuðla að öryggi ferðamanna sem þarna stoppa, eins og þetta er núna þá skapast mikill hætta fyrir þá sem þarna stoppa. Helstu verkþættir: 1) Hönnun og smíði útsýnispalls og bílastæðis. 2) Vegur að útsýnispalli. 3) Hönnun á skiltum og kynningarefni.

Verkefni 2: Strandlengja innan þéttbýlis á Dalvík

Markmiðið er að gera útivistarsvæði aðgengilegra og öruggara fyrir gesti, gera sandinn þannig að hægt sé að ganga hann á flóði og fjöru. **Helstu verkliðir:** Hönnun á skiltum og kynningarefni.

Verkefni 3: Gamla bryggjan á Hauganesi

Endurbygging gömlu bryggjunnar á Hauganesi, ásamt umhverfinu í kringum hana. Markmiðið er að gera svæðið öruggara og meira aðlaðandi fyrir gesti. **Helstu verkliðir:** Hönnun og smíði.

Verkefni 4: Göngubrú í Friðlandi Svarfdæla

Markmiðið með verkefninu er að tengja saman gönguleið sem myndar hring um Friðland Svarfdæla. Með því væri hægt að gera svæðið ennþá meira aðlaðandi fyrir heimamenn og gesti. **Helstu verkliðir:** Hönnun á göngubrú, undirbúningsvinna fyrir framkvæmdir, smíði á brú.

Verkefni 5: Hafnarbakkinn neðan við Kaupfélagið á Dalvík

Lagfæring á hafnarbakkanum neðan við kaupfélagið á Dalvík, miðsvæðis í byggðarkjarnanum, með það að markmiði að búa til öruggan áningarstað miðsvæðis á Dalvík með útsýni yfir hafnarsvæðið. **Helstu verkliðir:** Að útbúa stalla/tröppugang í kaupfélagsbrekkunni.

Hörgársveit

Verkefni 1: Hjólreiðar- og göngustígur

Gerð á nýjum göngu- og hjólastíg milli Lónsbakka og Þelamerkur. Markmið verkefnisins er aukið umferðaröryggi. Stuðla að bættum samgöngum fyrir bæði íbúa Hörgársveitar sem og ferðamenn sem fara gangandi/hjólandi um sveitarfélagið. **Helstu verkþættir:** Hönnun, samningar við landeigendur, fullnaðarhönnun og fjárhagsáætlun auk fjármögnunar. Framkvæmdaáætlun og samningar við verktaka. Efnisöflun, lagning heitavatnslagna og lagning göngu- og hjólastígs ofan á lagnirnar.

Verkefni 2: Hraun í Öxnadal

Gerð deiliskipulags og framkvæmdir á Hrauni í Öxnadal, fæðingarstað Jónasar Hallgrímssonar. Markmið verkefnisins er að varðveita Hraun í Öxnadal og gera svæðið og fólkvanginn í Hrauni aðgengilegri ferðamönnum og gestum með bættum gönguleiðum, vegum, upplýsinga- og söguskiltum. **Helstu verkþættir:** Gerð deiliskipulags fyrir jörðina og hluta fólkvangsins. Framkvæmd á svæðinu, s.s. lagfæring á heimreið, gerð bílastæðis, merkja gönguleiðir og laga gönguleiðir og einnig framkvæmdir á byggingum svæðisins.

Verkefni 3: Davíðslundur

Endurgerð „Davíðslundar“ - minningarreits um Davíð Stefánsson þjóðskáld, við Fagraskóg í Eyjafirði. Meginmarkmið verkefnisins er efling menningarferðaþjónustu á Norðurlandi. Lagfæra á og endurgera „Davíðslund“, minningarreit um Davíð Stefánsson þjóðskáld, Fagraskógi við Eyjafjörð: Ráðist verði í deiliskipulagsvinnu, endurhönnun garðsins, bætt aðgengi fatlaðra og ferðamanna, framkvæmd nauðsynlegra viðgerða brjóstmyndar og undirstöðu minnisvarða, sem og umferðarmerkingar áningarstaðarins. **Helstu verkþættir:** Verkefninu er skipt í þrjá hluta: 1. Deiliskipulagsgerð. 2. Endurbætur á minnisvarða og minningargarði. 3. Bílastæði, ný aðkoma og aðgengi allra tryggt.

Verkefni 4: Torfbærinn Baugasel í Barkárdal

Viðgerð og viðhald á torfbænum Baugaseli í Barkárdal. Markmið verkefnisins er að varðveita og viðhalda torfbænum Baugaseli. Torfbærinn skapar sérstöðu og aðdráttarafl fyrir Hörgársveit og er markmiðið að tryggja að hann geri það áfram um ókomna tíð svo komandi kynslóðir geti heimsótt bæinn og notið hans á öruggan hátt. **Helstu verkþættir:** Endurhlaða þarf ytri torfveggi, bæði að sunnan og norðan. Einnig þarf að endurgera 4 metra kafla af bæjargöngum, laga vegg í tveimur herberjum að auki og bæta við gluggum til þess að fá betri lýsingu inn. Einnig þarf að bæta loftræstingu, endurnýja þarf lofttúður á öllum þökum til þess að koma í veg fyrir raka og myglu. Byggja þarf kamar við torfbæinn, og endurnýja girðingu í kringum hann. Merkja þarf gönguleiðir í kringum Baugasel ásamt því að hanna skilti með upplýsingum um torfbæinn og umhverfi hans.

Verkefni 5: Áningarstaðir á sögslóðum í Hörgársveit

Uppbygging áningarstaða á sögslóðum í Hörgársveit. Markmiðið með verkefninu er að varðveita menningararf sveitarfélagsins og efla menningarferðaþjónustu í Hörgársveit, með sérstakri áherslu á að koma Myrká á kortið sem áningarstað í Hörgársveit og á sama tíma vekja athygli á þjóðsögunni um Djáknann á Myrká. Dæmi um aðra staði eru Skipalón og Hlaðir. **Helstu verkþættir:** Kortleggja sögustaði í sveitarfélaginu og setja merkingar á þeim stöðum.

Akureyrarbær

Verkefni 1: Útivist allt árið - Hlíðarfjall

Markmið verkefnisins er að styrkja Hlíðarfjall sem heilsársútivistarsvæði og nýta betur þá innviði sem eru til staðar. Hlíðarfjall er mest þekkt sem skíðasvæði en hefur á síðari árum einnig orðið vinsæll vettvangur fyrir fjallahjól, fjallaskíði og gönguferðir. Byggðar hafa verið fjölbreyttar hjólaleiðir á svæðinu og skíðalyfturnar hafa verið opnar á sumrin (júlí til byrjun september) frá 2018. Svæðið er íþróttavettvangur sem þróast hefur í að vera vinsælt útivistarsvæði. Helstu verkliðir: Halda áfram uppbyggingu göngu- og hjólaleiða, setja stikur og vegvísa auk upplýsingaskilta auk þess að hanna og byggja upp áfangastaði/segla á svæðinu til að draga fleiri gesti á svæðið.

Verkefni 2: Í faðmi hárra fjalla og jökla - Glerárdalur

Glerárdalur er fólkvangur í nágrenni við þéttbýli og því stutt í góða innviði. Svæðið tengist öðrum vinsælum útivistarperlum eins og Hlíðarfjalli, bæjarfjallinu Súlum, Kjarnaskógi og Naustaborgum. Á svæðinu er líka eitt dýpsta og hrikalegasta árgljúfur í Eyjafirði, Glerárgil. Með tilkomu nýrrar vatnsvirkjunar sem tekin var í notkun árið 2019 hefur aðgengi að sjálfum dalnum batnað mikið en þá var byggður göngu- og hjólastígur vestan megin í dalnum sem nefndur er Fallorkustígurinn. Sá stígur liggur frá virkjuninni við Hlíðarfjallsveg og upp að stíflunni við minni dalsins. Framkvæmdarsjóður ferðamannaáætlunar hefur undanfarið styrkt verkefni sem lítur að uppbyggingu göngu- og hjólastígs austan megin í dalnum inn að Lambánni og gerð nýrrar brúar yfir Lambánna en gamla brúin fór í leysingum fyrir nokkrum árum. Stígarnir austan og vestan megin tengjast á nokkrum stöðum m.a. við stífluna inn í dalnum. Frá Lambánni eru um 3,4 km inn að Lamba, skála Ferðafélags Akureyrar.

Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi um dalinn með stígagerð, merkingum og fræðslu, hanna og byggja upp áfangastaði á svæðinu til að gera svæðið áhugaverðara, draga fleiri gesti á svæðið og hvetja til útivistar.

Helstu verkliðir: Halda áfram uppbyggingu göngustíga í dalnum. Klára leiðina inn að Lamba frá Lambánni, tengja göngustíga meðfram gilinu frá Súlubílastæðinu og niður í byggð, hyggja að öryggismálum og gera sem flestum kleift að upplifa stórbrotna náttúru í návígi við góða innviði. Hanna og búa til áningarstaði, merkingar og upplýsingar.

Verkefni 3: Pollurinn við hjarta bæjarins

Með tilkomu Strandstígsins meðfram Pollinum á Akureyri er mannlíf aftur orðið sýnilegt meðfram sjónum. Fjöldi heimamanna og gesta ganga/hlaupa/hjóla stígin á degi hverjum, þar er siglingaklúbburinn Nökkvi með aðstöðu og í nágrenni hans leggja öll skemmtiferðaskipin sem koma til Akureyrar að og því mikið um ferðamenn á stígunum. Tækifærin sem liggja í Pollinum og nágrenni hans eru þó margfalt fleiri og er það markmið þessa verkefnis að þróa og byggja enn frekar við umhverfi Pollsins og laða þannig enn fleiri og fjölbreyttari markhópa. Verkefnið styrkir Akureyri sem áfangastað, bætir öryggi gesta og heimafólks, eykur fjölbreytni afþreyingar og styður við lýðheilsu, gerir aðkomuna að bænum meiri aðlaðandi og líflegri og styrkir menningarsögu bæjarins. Verkefnið getur þar að auki glætt íþrótt- og tómstundastarf bæjarins, t.d. starfsemi siglingarklúbbsins og áhugafólks um flotbretti, sjósund o.fl. sem aftur hefur jákvæð áhrif á atvinnustarfsemi eins og hvalaskoðun, skemmtiferðaskip o.fl. sem nýta sér svæðið. Markmiðið er skapa grunn fyrir enn fjölbreyttari afþreyingu fyrir ferðamenn í öruggu umhverfi með því að gera svæðið aðlaðandi og skemmtilegt. Verkefnið styrkir þar að auki menningar- og safnastarf í innbænum með því að leiða fólk í þá átt, dreifir ferðamönnum betur um bæinn en þegar mörg skemmtiferðaskip eru í höfn er mikilvægt að hægt sé að búa til fleiri áningarstaði innan bæjarins svo álag á íbúa og innviði verði dreifðara en það er í dag. Gamla Höfn-svæðið þar sem siglingaklúbburinn hafði aðstöðu áður er nú orðið autt og þarf að fara í endurskipulagningu og hönnunarvinnu til að finna því nýtt hlutverk. Hér var einnig miðpunktur athafnalífs hér á árum áður, með bryggjunum Höfn- og Tuliniusarbryggja, bátum, síldarsöltun, verslunum o.fl. Svæðið er við aðal innkomu bæjarins og er

verkefnið því líklegt til að vekja athygli þeirra sem leið eiga um Þjóðveg 1 og mögulega fá fólk til að staldra frekar við, njóta útivistar eða afþreyingar. Helstu verkliðir: Fara þarf í endurskipulagningu og hönnunarvinnu á gamla siglingarklúbbs-svæðinu til að finna því nýtt hlutverk. Svæði býður upp á mörg tækifæri þar sem þaðan er gott útsýni og góður staður til að ná myndum af bænum (t.d. kirkjunni í prófíl, hafnarsvæðinu, Hofi og Strandgötunni). Hugmyndin er að fara í hönnunarvinnu um að byggja aðstöðu fyrir sjósund, varmalaug, gufu, tengja við strandmenningu svæðisins t.d. með síldartunnum, trönum, bryggju og fleira, sem yrðu skemmtilegur vettvangur fyrir myndatökur, til að renna fyrir fiski, eða staldra við og njóta samveru, afþreyingar eða tilla sér niður og fá sér hressingu. Einnig að útbúa strönd sem veitir börnum öruggt aðgengi að sjónum og huga að öðru sem gæti dregið fólk að svæðinu t.d. með fjölgun áningarstaða við Pollinn, t.d. með upplýsingaskiltum og/eða sjávartengdu þema eins og rekavið, bátum, akkerum eða öðru sem býr til stemningu, myndefni og ástæðu til að staldra við, njóta, leika og búa til minningar.

Verkefni 4: Veisluborð Hríseyjar – Þróun útivistarmöguleika

Flestir ferðamenn sem heimsækja Hrísey sækja í útivist. Flestir fara í gönguferð en nú síðari ár er vaxandi hópur hjólreiðamanna sem koma til eyjarinnar. Mikilvægt er að bæta aðgengi og merkingar, gera stígana aðgengilega bæði fyrir hjólandi og gangandi og þróa áningarstaði meðfram þeim. Alls eru skilgreindar 4 gönguleiðir í eyjunni. Unnið hefur verið að uppbyggingu gönguleiðanna og Háborðinu undanfarin ár en enn eru eftir ókláraðar leiðir og eftir að huga að uppbygging áningarstaða meðfram þeim. Helstu verkliðir: Eftir er að byggja upp og þróa appelsínugulu og bláu gönguleiðina. Hanna þarf og gera áningarstaði meðfram stígunum. Má þar m.a. nefna setja upp bekki, skilti, vegvísa, búa til „Photo-hide“ fyrir ljósmyndara við tjörnina, skjól- og útsýnishýsi við orkulindina þar sem frábært útsýni er yfir helsta hvalaskoðunarsvæði fjarðarins.

Verkefni 5: Grímsey – söguslóð

Auka aðdráttarafl gönguleiða í Grímsey með því að þróa og byggja upp áningarstaði meðfram helstu leiðarinnar þ.e. frá vitanum sunnan megin á eyjunni og norður að Básavík. Bæta þannig innviði fyrir heimafólk og gesti með skjólveggjum, bekkjum, upplýsingaskilti og listaverkum og öðru. Draga fram sérstöðu eyjarinnar með því að nota rekavið, grjót og annað sem tengist fuglalífinu, sjósókn og menningu. Helstu verkliðir: Uppbygging áningarstaða meðfram gönguleiðinni m.a. skjólveggi, útsýnishýsi með skjólvegg, bekki, upplýsingaskilti, listaverkum (útilistaverk og veggverk) allt byggt á sérstöðu eyjarinnar. Hönnunarvinna.

Eyjafjarðarsveit

Verkefni 1: Edda risakusa

Edda, listaverk eftir Beate Stormo, hefur verið sett upp í námunda við Smámunasafn Sverris Hermannssonar. Mikilvægt er að halda áfram með uppbyggingu í kringum Eddu með tilliti til bætts aðgengis, aukins öryggis gangandi vegfarenda og með það fyrir sjónum að tengja saman með

gönguleið þá ferðapjónustu sem á svæðinu er (Smámunasafnið, Búvélasafn Búsögu og Saurbæjarkirkju). Þá er nauðsynlegt að koma upp upplýsingarskiltum til þess að efla upplifun ferðamanna. **Helstu verkliðir:** Hönnun á svæði, stígagerð, upplýsingaöflun og skiltagerð.

Verkefni 2: Hjóla- og gönguleiðir

Kortleggja, merkja, útbúa lýsingar og hnitsetja hjóla- og gönguleiðir í Eyjafjarðarsveit bæði innan sveitar og í tengslum við leiðir yfir í nágrannasveitafélög. Markmiðið er að nýta þann gríðarlega auð sem landið hefur að bjóða er kemur að útivist og bjóða þannig bæði ferðamönnum og íbúum svæðisins uppá heilsusamlega og góða afþreyingu. Þá er með verkefninu stefnt að því að Eyjafjörður eflist sem áfangastaður ferðamanna sem vilja dvelja á svæðinu til lengri tíma. Sveitarfélagið hefur í samstarfi við Ferðamálafélag Eyjafjarðarsveitar merkt upp allt að 100 km af leiðum sem hægt er að ráðast í að merkja án mikils fyrirvara. **Helstu verkliðir:** Stikun og hnitsetning hjóla- og gönguleiða. Leiðarlýsing og myndefni. Koma leiðum á framfæri.

Verkefni 3: Áningarstaðir

Efla umferðaröryggi og auka aðsókn ferðamanna að svæðinu. Skortur er á áningarstöðum við vegkerfi í sveitarfélaginu og mikilvægt að efla það til að beina umferð vegfarenda á örugga staði og þangað sem þeir hafa heimild til að vera. Áningarstaðir verða byggðir upp í tengslum við áhugaverða staði, upphaf gönguleiða og aðra staði sem vert er að stoppa á. **Helstu verkliðir:** Kortlagning áningarstaða, jarðvegsframkvæmdir, gatnagerð, bekkir og merkingar.

Verkefni 4: Garðsárreitur

Garðsárreitur er falin perla í norðanverðri Eyjafjarðarsveit. Markmið verkefnisins er að auka aðgengi almennings og ferðalanga að skógræktinni og gljúfrinu sem þar er. Byggja upp útsýnispall á gljúfurbrúninni sem falið er í skógarreitnum, útbúa góð bílastæði við reitinn og bæta gönguleiðir að útsýnispallinum. **Helstu verkliðir:** Bílastæði (jarðvegsframkvæmd.) Endurbætur og fjölgun stíga. Bygging útsýnispalls.

Verkefni 5: Útivistarstígur í Eyjafjarðarsveit

Útivistastígurinn milli Hrafnagils og Akureyrar hefur sýnt sig og sannað fyrir íbúa svæðisins, eftl öryggi á svæðinu og opnað fjölmarga möguleika til útiveru og bætt stöðu ferðapjónustuaðila sem við nálægð hans búa. Mikilvægt er að halda áfram með uppbyggingu stígsins og fara þar austur fyrir Eyjafjarðará um miðbraut og norður með Eyjafjarðarbraut, vestur í átt til Akureyrar aftur og búa þannig til öruggan og öflugan útivistahring sem í leið mun fara farm hjá fjölda þjónustuaðila. Markmiðið er að efla öryggi gangandi vegfarenda, vekja áhuga á svæðinu, stórauka tekjumöguleika ferðapjónustuaðila á svæðinu og tengja svæðið við nýjan hjóla- og göngustíg sem leggja á út að Svalbarðsströnd. **Helstu verkliðir:** Samningar við landeigendur, hönnun á stíg, jarðvegsframkvæmdir og gatnagerð.

Svalbarðsstrandarhreppur

Verkefni 1: Hjóla- og göngustígur I hluti

Markmið verkefnisins er bætt umferðaröryggi. Heitu vatni komið frá Vaðlaheiðargöngum að Skógarböðum og sveitarfélagið ætlar að nýta þá framkvæmd til að leggja löngu tímabæran göngu og hjólastíg innan sveitarfélagsins. **Helstu verkliðir:** Hönnun, samningar við landeigendur, fullnaðarhönnun og fjárhagsáætlun auk fjármögnunar. Framkvæmdaáætlun og samningar við verktaka. Efnisöflun, grisjun skógar, lagning heitavatnslagna og lagning göngu- og hjólastígs ofan á lagnirnar. Nú þegar er búið að vinna forhönnun, ná samningum við landeigendur og verkefnið komið á lista Vegagerðar. Eftir er að vinna fullnaðarhönnun, fjárhagsáætlun og skiptingu milli aðila og fjármagna hluta sveitarfélagsins.

Verkefni 2: Áningarstaðir á göngu- og hjólastíg I og II hluta

Áningarstaðir á hjóla- og göngustíg á hluta I og hluta II, upplýsingar um svæðið, örnefni, sögu, skóg og íbúa, búskap og atvinnuhætti, leiðin frá hreppsmörkum í suðri að hreppsmörkum í norðri. Gert er ráð fyrir að á áningarstöðum á göngu- og hjólastíg verði útilistaverkum komið fyrir og leitast við að hafa þau gagnvirk og búa þannig til aðráttarafi fyrir gesti sem eiga leið um ströndina og tengja listaverkin við starfsemi Safnasafnsins. **Helstu verkliðir:** Hönnun, fjárhagsáætlun, samningar við verktaka og framkvæmd.

Verkefni 3: Gönguleiðir í Vaðlaheiði og á Svalbarðseyri

Markmið verkefnisins er bætt umferðaröryggi. Hönnun göngu- og hjólastígs II hluti frá Vaðlaheiðargöngum að hreppsmörkum í norðri. **Helstu verkliðir:** Samningar við landeigendur, frumhönnun og svo fullnaðarhönnun, fjárhagsáætlun og fjármögnun.

Verkefni 4: Gönguleiðir í Vaðlaheiði og á Svalbarðseyri

Kortleggja helstu gönguleiðir í Vaðlaheiði, hnitsetja og gera aðgengilegar fyrir ferðamenn. Lengd og helstu áskoranir göngumanna kortlagðar. Sama verkefni fyrir gönguleiðir á Svalbarðseyri. **Helstu verkliðir:** Kortlagning gönguleiða í Vaðlaheiði setja upp tröppur yfir girðingar, bekki/tunnur við áningarstaði í upphafi og lok gönguleiða. Kortlagning gönguleiða á Svalbarðseyri, áningarstaðir útbúnir með bekkjum og ruslatunnum auk upplýsingaskilta.

Verkefni 5: Útsýnispallur

Markmið verkefnisins er að ferðamenn hafi gott aðgengi að útsýnispalli og þjónustusvæði, með nægum bílastæðum, sem tryggir öryggi þeirra fyrir umferð á þjóðvegi. Á slíku þjónustusvæði geti ferðamenn nálgast upplýsingar um svæðið, nýtt sér salernisaðstöðu og notið náttúru og útsýnis á öruggan hátt. **Helstu verkliðir:** Hönnun útsýnispalls, efnisöflun, samningar við landeiganda, framkvæmd: gatnagerð, bygging þjónustuhúss.

Grýtubakkahreppur

Verkefni 1: Fuglaskoðun við Bárðartjörn

Uppsetning fuglaskoðunarhúss, gerð göngustíga og bílastæðis, norðan Bárðartjarnar, við Þengilhöfða, til að bæta aðstöðu og laða að ferðamenn sem vilja skoða fugla og mynda. **Helstu verkliðir:** Kaup og uppsetning á húsi, gerð göngustíga, gerð bílastæðis, kynningarefni.

Verkefni 2: Fuglaskoðun við og í Laufáshólmum

Bæta aðstöðu og aðgengi í hólmunum til að skoða fugla og mynda. **Helstu verkliðir:** Fyrsta stig er hönnun og skipulag í friðlandinu.

Verkefni 3: Gerð útsýnisstaðar við Knarrarnes

Breyta þarf gatnamótum Grenivíkurvegjar við Víkurskarð og gera bílastæði. Með því verður slyshætta minnkuð og aðstaða bætt fyrir ferðamenn sem stoppa þarna til að njóta útsýnis yfir Eyjafjörð. **Helstu verkliðir:** Breyting gatnamóta, gerð bílastæðis og útsýnisaðstöðu.

Verkefni 4: Gjögorskagi – Útivistarparadís

Gjögorskagi er vinsælt svæði til útivistar. Til að gera það aðgengilegra og öruggara fyrir ferðamenn þarf að leggja göngu-, hjóla- og reiðstíga og merkja leiðir sem fyrir eru. Með verkefninu verður aðgengi ferðamanna að svæðinu bætt og aðstaða þeirra sem um það fara. **Helstu verkliðir:** Gerð og merkingar göngu-, hjóla- og reiðleiða.

Verkefni 5: Gamli Skóli

Skólahúsið á Grenivík var byggt árið 1925. Húsið er að mestu upprunalegt og aðdráttarafl í sjálfu sér, en hugmyndin er að setja þar upp safn merkilegrar skólasögu Grýtubakkahrepps, auk þess að gera húsið upp. Markmiðið er að gera Gamla Skóla að ákveðnum áfangastað, með uppsetningu safns um skólasögu, ásamt vinnu við að koma húsinu í sem upprunalegast horf, svo húsið geti einnig hýst listviðburði og sýningar, auk mögulega kaffihúss og upplýsingamiðstöðvar á sumrin. **Helstu verkliðir:** Vinna á húsinu til að koma því í sem upprunalegast horf, uppsetning safns.

Þingeyjarsveit

Verkefni 1: Þeistareykir

Hefja framkvæmdir samkvæmt deiliskipulagi sem klárað var vorið 2024. Meginmarkmið er að vernda hverasvæðið en jafnframt auðvelda aðgengi ferðafólks að svæðinu. Fyrsti áfangi er lagning stíga um hverasvæðið og bílaplan. **Helstu verkliðir:** Lagning stíga, gerð bílaplans og merkinga.

Verkefni 2: Höfði Mývatnssveit

Viðhald og endurnýjun göngustíga og öryggismál við Höfða í Mývatnssveit. Markmið verkefnisins er lágmarka ágang ferðamanna utan merktra gönguleiða með því að bera mól í stíga og afmarka gönguleiðir með böndum. Þá verður sérstaklega hugað að aðgengi fyrir alla. **Helstu verkliðir:** Setja nýtt efni í stíga. Endurnýja og bæta við böndum meðfram stígum til að afmarka gönguleiðir.

Verkefni 3: Göngu- og hjólréiðastígur umhverfis Mývatn

Markmið verkefnisins er að halda áfram með göngu- og hjólréiðastíg umhverfis Mývatn með áherslu á að tengja stíginn við helstu ferðamannastaði og hótél. Framkvæmt verður eftir fyrirbyggjandi hönnun og skipulagi með sérstaka áherslu á að klára stíginn að Álftagerði í þessum áfanga. **Helstu verkliðir:** Finna heildstæðar lausnir á brúarmálum, gerð lagning fjögurra brúa yfir læki og ár. Uppbygging og frágangur á stígnum fram að Álftagerði.

Verkefni 4: Végeirsstaðaskógar

Opnun Végeirsstaðaskógar sem áningarstaðar á Norðurstrandarleið. Leitað hefur verið til arkitekts og landslagsarkitekts um hönnun svæðisins. Dregnar verða upp línur fyrir landið í heild og mótuð heildarsýn á skóginn sem fræðslu- og áningarstað. Áhersla verður lögð á útfærslu anddyris svæðisins, mótun bílastæða og frágangur í kringum tjörnina syðst á svæðinu. Hannaðar verða flatir til leikja og hvíldar í rjóðrum í skóginum, teiknaðir stígar, hjólaleiðir o.fl. **Helstu verkliðir:** Í áfanga I verður svæðið hannað og það undirbúið undir frekari framkvæmdir í áfanga II. Ef styrkur fæst verða tveir arkitektar (arkitekt og landslagsarkitekt) ráðnir til að hanna svæðið sem áhugaverðan áningarstað fyrir ferðamenn á Norðurstrandarleið. Vanda þarf aðkomu frá þjóðvegi inn á svæðið (anddyri) svo og frágangur bílastæða og umhverfi tjarnar sem er syðst á svæðinu og leggja þangað vatnsveitu svo ferðamenn geti sótt gott drykkjarvatn.

Verkefni 5: Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss

Aðgengi að Aldeyjarfossi og Hrafnabjargafossi, lagning stíga og lagfæring vega að fossunum, merkingar og aðstaða fyrir ferðamenn o.fl. Markmið verkefnisins er áframhaldandi uppbygging við Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss, bætt aðgengi og öryggi ásamt því að vernda svæðið. **Helstu verkliðir:** Lagning stíga, lagfæring vega, merkingar og aðstöðuuppbygging.

Norðurþing

Verkefni 1: Heimskautsgerðið á Raufarhöfn

Að ljúka uppbyggingu Heimskautsgerðisins⁷ sem hefur verið í byggingu hátt í tvo áratugi. Fullklárað verk getur haft mikið aðdráttarafl líkt og *Stonehenge* í Bretlandi og skipt sköpum fyrir byggð á Raufarhöfn og nágrenni. **Helstu verkliðir:** Skúlpúrar innan gerðisins, helluleggja gólflötinn, hlaða vegg utan um gerðið og ganga betur frá móttökuaðstöðu fyrir ferðamenn.

Verkefni 2: Botnsvatn, afleggjari frá Þeistareykjavegi

Mótun nýrrar aðalleiðar að Botnsvatni, sem er vel þekkt útivistarperla meðal heimafólks og mikið nýtt einnig af ferðafólki. Markmiðið er að gera nýjan afleggjara frá Þeistareykjavegi að Botnsvatni. Greiðari leið en núverandi vegur sem er mjög slæmur og barn síns tíma. **Helstu verkliðir:** Útbúa þarf bílastæði og göngustíg auk útsýnispalls og upplýsingaskiltis.

Verkefni 3: Gönguparadísin Húsavík, viðhald göngustíga og merkingar

Gönguparadísin Húsavík, viðhald á göngustígum og merkingar í takt við gönguleiðakort á heimasíðu Norðurþings. Markmið verkefnisins er að viðhalda stígagerð sem ráðist var í af miklum myndarskap í kringum aldamót. Mikill áhugi er hjá ferðafólki á að nýta gönguleiðir í bland við stórauðna notkun heimafólks. **Helstu verkliðir:** Breikkun á gönguleiðum og lagning efnis í gönguleiðir auk merkinga.

Verkefni 4: Kópasker, göngustígar og merkingar

Breikkun og lagning malarefnis í gönguleiðir á Kópaskeri, auk merkinga. Markmið verkefnisins er að merkja og viðhalda stígum í og við þorpið. Kópasker býður upp á mjög fallegar gönguleiðir sem merkja þarf betur fyrir íbúa jafn sem ferðamenn á svæðinu. **Helstu verkliðir:** Breikkun stíga og lagning malarefnis þar sem við á. Stígar utan við þorpið verða merktir betur svo notendur eigi auðveldara með að fylgja fyrirfram ákveðinni gönguleið. Uppsetning skilta innan þorpsins á völdum stöðum þar sem fram koma tegundir fugla, sela og annara dýra sem koma má auga á við gönguleiðina. Tengja nýlegt Fuglaskoðunarskýli frá Fuglastíg á Norðausturlandi við núverandi gönguleiðir.

⁷ Sjá upplýsingar um verkið hér: <https://www.arctichenge.com/>

Verkefni 5: Veggurinn, áningarstaður í Kelduhverfi

Uppbygging áfangastaðar í Kelduhverfi. Styrking á afþreyingu á Demantshringnum og einnig á Norðurstrandarleið (*Arctic Coast Way*). Markmið verkefnisins er að koma upp áfangastað við Vegginn í Kelduhverfi, en þar má sjá glögg merki flekaskilanna sem einkenna landið. **Helstu verkliðir:** Að útbúa bílastæði, setja upp skilti með jarðfræðiupplýsingum, borð og bekki. Að merkja gönguleið undir Veggnum.

Langanesbyggð

Verkefni 1: Uppbygging við Stóra Karl

Á Skoruvíkurbjargi er einstakur útsýnispallur, Járnkarlinn, sem stendur út af bjarginu þar sem sjá má yfir klettadranginn Stóra Karl en þar er fágætt súluvarp og fjölda bjargfugla og stórfenglegt útsýni á hafút. Bæta þarf aðgengi við útsýnispallinn. Afmarka þarf bílastæði til að koma í veg fyrir hættu þegar ferðamenn stoppa út í vegkanti til að ganga út á pallinn. Að keyra að útsýnispallinum er 45 mínútna keyrsla og engin salerni á Langanesinu það er því mikilvægt að koma upp almenningssalerni. Þá er nauðsynlegt að setja niður upplýsingaskilti um þá bjargfugla sem má sjá þegar horft er yfir Stóra Karl. **Helstu verkliðir:** Afmarka bílastæði, útbúa almenningssalerni, setja niður upplýsingaskilti um fuglalífið í bjarginu.

Verkefni 2: Fontur og Langanesröstin

Fontur er nyrsti oddi Langaness og stendur þar viti. Svæðið er þekkt fyrir víðfeðmt landslag, bratta kletta og fjölbreytt fuglalíf með útsýni yfir Norður- Atlantshafið sem gerir Font vinsælt stopp ferðamanna á leið sinni um Langanesið. Bílar keyra í einhverjum tilfellum að vitanum þar sem er hætt á náttúruspjöllum og töluverð fallhætta. Með afmörkun bílastæðis og skiltagerð er hægt að tryggja betri upplifun ferðamanna sem heimsækja vitann. **Helstu verkliðir:** Lagfæring á bílastæði, afmörkun bílastæðis, setja niður öryggismerkingar, Setja niður upplýsingaskilti um sögu vitans og Langanesröstina.

Verkefni 3: Hæðin við Sauðanes

Á hæðinni við Sauðanes stendur Sauðaneskirkja og Sauðaneshús sem eru merkir staðir í sögu Langaness en í Sauðaneshúsi er nú safn. Á hæðinni er fallett útsýni yfir Langanes. Einhver upplýsingaskilti um Sauðanes standa í vegkanti við afleggjara að Sauðaneshúsi og kirkju. Hætta getur skapast þarna þegar ferðamenn stoppa. Mikilvægt er að gera gott bílaplan og endurnýja skiltin sem fyrir eru sem eru orðin lúin. **Helstu verkliðir:** Gera bílaplan á hæðinni við Sauðanes, endurnýja upplýsingaskilti.

Verkefni 4: Göngupallur við hafnargarðinn á Þórshöfn

Við suðurenda grjótgarðs hafnarinnar á Þórshöfn er búið að útbúa lítið útskot og upplýsingaskilti um höfnina enda fallett útsýni yfir hafnsækna starfsemi á Þórshöfn frá þessu stað. Framtíðarplön snúa að því að gera bílastæði þar sem núverandi útskot er og 400 m göngupall út á

hafnargarðinn með útsýnispalli við endann með stórfenglegu útsýni yfir hafið, þorpið og höfnina. **Verkið er skipt í þrjá áfanga:** Fyrsti áfangi – bílastæði við upphaf hafnargarðs, annar áfangi – 200 m pallur út á hafnargarðinn, þriðji áfangi – 200m pallur til viðbótar út á enda hafnargarðsins.

Verkefni 5: Gönguleið að Draugafossi

Draugafoss er í nágrenni við Bakkafjörð, er 10-15 m og er í 800m göngufjarlægð frá vegi. Leiðin er stikuð. Hætta getur skapast þegar ferðamenn leggja út í vegkanti. Mikilvægt að gera gott útskot með upplýsingum um gönguleiðina og upplýsingaskilti. **Helstu verkþættir:** Gera lítið bílastæði við upphaf gönguleiðar, setja niður upplýsingaskilti um gönguleið og fossinn.